



## Eftir sama höfund:

### SKÁLDSÖGUR:

*Gæska* (Mál og menning, 2009)

*Eitur fyrir byrjendur* (Nýhil, 2006)

*Hugsjónadruslan* (Mál og menning, 2004)

### LJÓÐABÆKUR:

*Ú á fasismann* (Mál og menning, 2008)

*Brandarablandarar* (Nýhil, 2008) – rafbók ásamt Jóni Erni Loðmfjörð

*Þjónn, það er fönix í öskubakkanum mínum!* (Nýhil, 2007)

*Handsprengrja í morgunsárið* (Nýhil, 2007) - ásamt Ingólfi Gíslasyni.

*Blandarabrandarar* (Nýhil, 2005)

*Nihil Obstat* (Nýhil, 2003)

*Heimsendapestir* (Nýhil, 2002)

### RITSTJÓRN:

*Af steypu* (Nýhil, 2009) - ásamt Kára Páli Óskarssyni.

*Af ljóðum* (Nýhil, 2005)

*Ást er þjófnaður* // Eiríkur Örn Norðdahl

[www.norddahl.org](http://www.norddahl.org) // [kolbrunarskald@norddahl.org](mailto:kolbrunarskald@norddahl.org)

Útgefandi: Perspired by Iceland ([www.perspiredbyiceland.com](http://www.perspiredbyiceland.com))

og SLIS (Sumarbúðir LIsthneigðra Sósíalista)

ISBN: 978-9979-70-940-4

Umbrot: EÖN

Kápa (að framan): Jón Örn Loðmfjörð (hann vill koma því á framfæri að hann lítur á bakkápuna sem brot á sæmdarrétti sínum; hann krefst þess meðal annars að bókinni verði eytt og/eða henni komið fyrir í brynvörðum kassa þar sem almennigur sér ekki til).

Bókin er gefin út í Print-on-demand í gegnum Lulu.com og sem rafbók.

Engin réttindi áskilin. En það væri voða ágætt ef þú borgaðir höfundinum eitthvað. Voða fint. Við yrðum voða glöð. Okkur yrði sem sagt mjög létt. Þú mátt líka kaupa bjór fyrir Lomma ef þú sérð hann. Eða kaffibolla ef þú átt ekki fyrir bjór. Eða sígarettu. Smá klink væri áreiðanlega voða vel þegið.



ÁST ER  
ÞJÓFNADUR

Eiríkur Örn Norðdahl

PERSPIRED  
BY  
ICELAND



ÁST ER  
ÞJÓFNADUR



## Formálinn er þjófnáður

Ég byrjaði að skrifa þessa bók þann 11. apríl, 2011. Þegar ég skrifaði fyrstu þrjá kaflana taldi ég mig vera að blogga (og líklega var það alveg rétt hjá mér). Einhvers staðar í fjórða kafla áttaði ég mig á því að þetta væri bók (það var líka rétt). Þegar ég lauk við fimmta kafla hafði ég ákveðið að bókin skyldi koma út ekki síðar en 11. maí – mánuði eftir að ég skrifaði fyrsta kafla (þegar þessi orð eru rituð veit ég ekki hvort það hefst, en jú það skal nú hafast).

Þetta var ekki ætlunin. Að skrifa bók. En ég hafði nýlokið við lykilkafli í skáldsögu sem enginn veit hvenær mun klárast og þarfnáðist þess að hleypa inn lofti, snúa mér að einhverju öðru. Ég hætti að skrifa skömmu fyrir mánaðamót og sneri mér að umbroti og frágangi, það Jón Örn Loðmfjörð að gera kápu fyrir mig og hvarf aftur ofan í skáldsöguna mína yfir daginn.

Þessi bók er hálf í hvoru tilraun í viðbragði – ekki bara heillast ég sjálfur af snöggum viðbrögðum, snaggaralegum hreyfingum í hugsun og gjörðum, heldur tel ég slíkt beinlínis samfélaginu nauðsynlegt (jafn nauðsynlegt og yfirveguð verk, íhuguð, kláruð – þessi bók er bara frágengin). Að hugdetta geti orðið að bók á einum mánuði – og að bókin sé í einhverjum skilningi alvöru (þótt margar bækur séu meira „alvöru“ er þessi samt „líka alvöru“). En hraðinn er ekki ókeypis – bókin er til dæmis óprófarkalesin (eða skrifar maður *óprófarkarlesin?*).

Hún er líka tilraun til sjálfsútgáfu á netinu. Athugun á því hvort hægt sé að fá greitt án þess að þvinga fólk til

þess að greiða – einfaldlega með því að breyta heimasíðu í búðarborð.

Hér stend ég sem sagt á bakvið búðarborðið og kalla: Bók til sölu!

Þú veist að þú mátt ekki bara taka bókina. Í einhverjum skilningi geturðu skoðað hana í búðinni (þrír af hverjum fjórum köflum, ríflega, birtust upphaflega á blogginu). Og þú getur auðvitað hrifsað hana með þér og hlaupið út. Ég ætla ekki að elta þig. Gæti það ekki þótt ég vildi.

Þú getur líka sent mér tölvupóst og sagt: Hæ, ég er blankur/blönk má ég næla mér í eintak – ég skal bjóða þér upp á bjór næst þegar við sjáumst og ég á pening? (Ekki samt gera það nema það sé satt – ég segi alveg já, ef þú spyrð, en ég er líka blankur og vantar meira að geta keypt í matinn, einsog mér finnst annars bjór finn).

Þú getur sagt: Má ég fá kynningareintak? Ég ætla að skrifa um hana. Og smellt á hlekkinn. Og skrifað um hana.

Þú getur stungið upp á vöruskiptum.

Og svo geturðu borgað (5 til 15 evrur, eftir hentugleikum) fyrir rafbókina eða farið inn á Lulu og pantað þér bókina í fallegu vasabroti. Það væri auðvitað langt best fyrir mig. Ef ég á að segja alveg einsog er.



# Játning er þjófnaður

Við skulum byrja á að gera játningu:

Allur lestur er þjófnaður.

Öll hlustun er þjófnaður.

Allt áhorf er þjófnaður.

Þú meðtekur og gerir afrit, kallar upp í hugann það sem hefur síast inn og ekki setið fast í eyrunum, augunum, mótbárunum – endurtekur.

Öll hugsun er þjófnaður.

Öll hugsun er þjófnaður.

Öll hugsun er þjófnaður.

(Það best ég veit) varðar það ekki við höfundarréttarlög að prenta út blogg færslur, fréttir, greinar af netinu.

(Það best ég veit) varðar það ekki við höfundarréttarlög að deila textum af netinu með hjálp félagsmiðla (halló, Facebook!), tölvupósts eða niðurhripaðra netslóða (hey, netslóði!).

Það varðar ekki við höfundarréttarlög að rifja upp ljóð.

(Svo fremi þú hafir þau ekki eftir í votta viðurvist.)

Það varðar ekki við höfundarréttarlög að lesa bækur sem maður á ekki.

(Svo fremi maður gleymi.)

Það varðar ekki við höfundarréttarlög að bara taka bækur, sisona, af bókasöfnum.

Í hvert einasta sinn sem þú spilar lag af Youtube fyrir vini þína deyr einn tónlistarmaður úr hungri.

Ef þú spilar það tvisvar deyja ástvinir hans einn af öðrum, börnin hans, foreldrar, barnabörn.

Öll tilvitnun er þjófnaður.

Öll endurspilun er þjófnaður.

Öll afritagerð er þjófnaður.

Mér skilst að bókaforlög séu alltaf að fara á hausinn.

## Þjófnáður er þjófnáður

Sem endranær hefjum við leikinn á játningu.

Þegar ég var nýbyrjaður í menntaskóla rændi ég 3-4 bókum af Héraðsbókasafni Vestfjarða. Þessar bækur voru ekki ætlaðar sjálfum mér, heldur Vinstrimannafélagi Framhaldsskóla Vestfjarða Ísafirði og fóru í hilluna á Café Castro – hillan var raunar ekki nema stutt spýta ofan á rauðmáluðu skólpróri sem var merkt:

Maó + Stalín = Sönn ást

og

卐 -D

Ég man ekki lengur hvaða bækur þetta voru – einhver fræði sem mér þótti ótækt að félagið gæti verið án – og það kæmi mér ekki á óvart þótt þær hefðu endað uppi á menntaskólabókasafni fyrir rest, þegar búið var að rífa Café Castro til að koma fyrir iðnmenntaálmú (vék þar sósíalísk akademía fyrir sósíalískum raunveruleika; Kreml var skipt út fyrir rennibekk og hjólsög).

Í aðra röndina skammast ég mín ekkert fyrir að hafa rænt þessum bókum. Ég leit inn í þær áður en ég tók þær og enginn þeirra hafði verið í útláni í heilan áratug þarna á undan (auk þess var þetta kommúnískur áróður og þið getið rétt svo ímyndað ykkur hversu gáfulegt er að slíkt liggi á glámbekk þar sem jafnvel börn geta náð í).

En í hina röndina dauðskammast ég mín auðvitað, jafnvel nú, einum og hálfum áratug síðar. Ekki bara var þjófnaðurinn í andstöðu við gildi boðskapsins (sem ég var að bísa) – í andstöðu við sameignarstefnuna – heldur þykir mér þess utan mikilvægt að bækur (og kommúnískur áróður) liggi á glámbekk þar sem jafnvel börn geta náð í (og ekki síst bækur sem enginn hefur haft fyrir að lesa lengi).

Auk þess var ég þá þegar í mikilli skuld við þetta bókasafn, sem hafði séð mér fyrir bókum alla barnæskuna, og maður á ekki að ræna þá sem maður elskar.

Hefði ég hins vegar getað stolið þessum bókum án þess að þær hyrfu af bókasafninu, þá hefði ég aldrei hikað og aldrei litið um öxl. Sama hvað tautaði og raulaði.

# Minn er þjófnáður

Áður en lengra er haldið: Morgunjátning.

Tölvan mín er full af stolnum texta. Þúsundir bóka í hundruðum mappa. Meira að segja nokkrar íslenskar skáldsögur af nýrri tegundinni. Þetta eru fræðibækur, ljóðabækur, smásögur, skáldsögur, myndabækur og alls kyns non-fiction. Sumar hef ég fengið sendar, aðrar hef ég sótt sjálfur. Stundum hef ég sóst eftir bókum vegna þess að þær finnast ekki á Amazon; vegna þess að þær finnast bara fyrir Ameríkana á Amazon (þetta lið verður að fara koma réttindamálunum sínum í einhvern farveg, halló, tala saman!); vegna þess að þær finnast ekki á bókasöfnum eða í nálægum bókabúðum. Sumar eru jafnvel hvergi í sölu lengur nema á fjarlægum fornbókamörkuðum.

Einn helsti kosturinn við að stela bókum, umfram að kaupa þær (og ég kaupi líka mjög margar rafbækur, kiljur og harðkápur), er að maður getur lánað öðrum þær, flutt þær vandræðalaust úr einu tæki í annað (úr tölvunni í símann í kindilinn í kindil konunnar í símann hennar og tölvu nágrenns).

Annar mikilvægur kostur er úrvalið. Það eru fleiri bækur á glámbekk á netinu en ég get fundið í öllum bókabúðum og bókasöfnum norður-Finnlands samanlagt og þótt ég bætti við (raunar fjarska takmarkaðri) netverslun Amazon.

Tölvan mín er full af stolnum bókum. Þó hef ég engan svipt neinni bók; þvert á móti hef ég hugsanlega fjölgað bókum í (ólöglegri) eigu annarra.

## **Þjófnaður er ókeypis**

Játningagjörð síðdegis:

Flest fólk stelar biblíunni. Nei, ég meina það ekki þannig. Ég meina að það fólk sem á annað borð stelar bókum er líklegast til þess að stela biblíunni. Að stela biblíunni (hverrar boðskapur er meðal annars: þú skalt ekki stela) er ekki ósvipað og að ræna fræðiritum sameignarstefnunnar af almenningsbókasafni. Það er svívirðileg og óafsakanleg gjörð og maður fer til helvítis ef maður iðrast ekki.

Ég á vel að merkja ekki við að fólk steli biblíunni af netinu – ég á við í bókabúðum. Biblían fæst frítt á netinu. Ekki ósvipað og metsölubók síðasta árs í íslenskum bókaverslunum – bókin með ómpýða, eftirminnilega, söluvæna titlinum: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburði*. Það er að segja „Rannsóknarskýrslan“.

Við stytum, kjörnum, endurtökum:

*Þótt Biblían sé ókeypis, stelar fólk henni samt.*

*Þótt Rannsóknarskýrslan sé ókeypis, kaupir fólk hana samt.*

## Prentkostnaður er þjófnáður

Ljóðskáld hafa yfirleitt meiri áhyggjur af því að einhver fái st til að prenta verkin þeirra (án þess að þeir þurfi sjálfir að greiða prentunina) en að það sé svo stórkostleg eftirspurn eftir bókum þeirra að útgefendur prenti þær án leyfis (skáld fara öllu jöfnu bórnarför til útgefenda, sem svo miskunna sig yfir skáldin eða reka þau á dyr).

Ég geri mér grein fyrir að a) þetta er ekki algilt og b) það verður samt að greiða listamönnum fyrir vinnu sína. En við skulum ekki grafa höfuðið í sandinn og láta einsog heimurinn sé öðruvísi en hann er. Bróðurparturinn af öllum ljóðabókum sem gefnar hafa verið út á Íslandi síðustu 15-20 árin hið minnsta hafa ekki skilað höfundum sínum (eða útgefendum) neinum tekjum – og drjúgur helmingur skáldanna hefur áreiðanlega þurft að leggja eitthvað út fyrir prentuninni.

Langfæstir listamenn hafa raunverulegar summur upp úr bóksölu. Ekki heldur „alvöru“ listamenn. Ég reikna ekki með því að það hafi nokkur grætt pening á að prenta ljóð Dags Sigurðarsonar og fari ég með fleipur eru það áreiðanlega fjarska litlar og ómerkilegar upphæðir. Þó er Dagur líklega eitt mikilvægasta ljóðskáld 20. aldarinnar á Íslandi. Dagur hefur yfir sér áru misskilda listamannsins sem fékk ekki notið efnislegra ávaxtanna af eigin snilligáfu í lifanda lífi, vegna þess að samtímamenn hans skildu ekki verkin hans – en staðreyndin er líklega sú að þótt Dagur væri enn á lífi, helkanóníseraður, væri hann alveg jafn skítblankur.

Við skulum ekki láta einsog þetta bisnissmódel sé fullkomið, það sé ómissandi og það megi ekki hósta í návist þess án þess að heimsbyggðin nötri.



## Afritun er þjófnáður

Við byrjum alltaf á játningu:

Í síðustu viku ljósritaði ég heila bók. Þetta var skólabók af til þess gerðu skólabókasafni og ég gerði það ekki fyrir sjálfan mig, ég ætla ekki að lesa þessa bók, ég gerði það vegna þess að ég á ljósritunarvél (Haukur Már, vinur minn, gaf mér ljósritunarvél í brúðkaupsgjöf).

Heill skóli beið þess að koma höndum yfir bókina, það þurfti að skila henni, en ef maður skilar henni ólesinni fellur maður á prófi.

Það er hægt að kaupa hana frá útlöndum, en það tekur 2-3 vikur að fá hana (þá er prófið búið) og hún kostar tæplega 100 evrur (sem gerir tæpa evru á síðu). Það gerir enginn nema geðsjúklingur.

Og þess vegna ljósritaði ég hana bara. Það tók styttri tíma en að hlaða niður bíómynd.

## Graflaxasósan er þjófnaður

Það eru nýliðnir páskar. Á skírdag fór ég í búðina og „stórhandlaði“ einsog það heitir í minni fjölskyldu – keypti í matinn fyrir langa helgi og hjólaði síðan heim með fimmtíu plastpoka á stýrinu í 15 stiga bongóblíðu. Þegar maður stórhandlar kemur maður ekki alltaf með allt heim sem maður ætlaði sér, það eru oft göt í listanum, ýmist vegna þess að manni yfirsást eitthvað eða vegna þess að eitthvað var ekki til (eða maður gafst upp á að leita að því).

Ég keypti graflax en ég keypti enga graflaxasósu. Þegar ég kom heim fór ég á netið og leitaði að uppskriftum, enda getur maður gert sínar eigin sósur, fullorðinn maðurinn. Á netinu fann ég eina góða (rændi henni svo gott sem frá börnum matreiðslubókahöfundarins) og átti allt í hana nema Dijonsinnepið. Ég leitaði að uppskrift að Dijonsinnepi og fann eina góða – ég átti allt í hana nema Tabascosósuna. Ég leitaði að uppskrift að Tabascosósu en ég átti ekki það sem til þurfti, svo ég sló inn „Tabasco substitute“ í Google og ákvað að nota cayenne pipar.

Graflaxasósan var mjög góð.

Innan í hverri hugmynd er önnur hugmynd. Og innan í þeirri hugmynd er enn önnur hugmynd. Og svo framvegis.

McIlhenny fyrirtækið er með patent á Tabascosósu, sem var fundin upp árið 1868. Ég reikna með því að ég megi búa til mína eigin (þótt ég viti það raunar ekki); en ég má alveg áreiðanlega ekki framleiða og selja Tabascosósu í neinu magni (væntanlega ekki eina einustu flösku).

Dijonsinnep nýtur ekki upprunaverndar Evrópu-sambandsins, er ekki patentvarið og hver sem er má framleiða það. Dijonsinnep var fundið upp árið 1856.

Graflaxasósan er miklu eldri en bæði Dijon og Tabasco. En ég reikna fastlega með því að hún hafi fyrst og fremst samanstaðið af dilli allt þar til Dijon og Tabasco féllu úr höfundarétti.

## Avatar er þjófnaður

Á hverju ári setja kvikmyndahúsin ný aðsóknarmet.

Á hverju ári koma út stærri og dýrari kvikmyndir en árið áður.

Af tíu tekjuhæstu bíómyndum allra tíma var einungis ein gefin út fyrir (síðustu) aldamót, sú næsttekjuhæsta, Titanic. Avatar, sem er tekjuhæst, skilaði ríflega 50% meiri tekjum en Titanic.

Á hverju ári er fleiri og fleiri kvikmyndum stolið af netinu. Engri kvikmynd hefur verið jafn oft halað niður og Avatar. Ólöglega.

## Afritunarvörn er þjófnaður

Það er ekki afritunarvörn á harðkápum eða kiljum.

Það er ekki afritunarvörn á bókrullum eða skinnhandritum.

Það er ekki afritunarvörn á segulbandsspólum.

Það er (yfirleitt) ekki (lengur) afritunarvörn á geisla-diskum. (Að minnsta kosti ekki þeim sem ég kaup/ fæ gefins).

Það er ekki afritunarvörn á Youtube-myndböndum.

Það er ekki afritunarvörn á ljósmyndum.

Það er ekki afritunarvörn á bloggi, vefritum eða fréttaveitum á netinu\*.

Það er ekki afritunarvörn á byggingum, borðum, stólum, hillum, húfum, buxum, hljóðfærum eða farartækjum.

Það er afritunarvörn á DVD-diskum og rafbókum.

\* Fyrst eftir að Davíð Oddsson byrjaði á *Morgunblaðinu* var sett afritunarvörn á fréttir á mbl.is svo ekki var lengur hægt að kópípeista af síðunni. Ég athugaði rétt í þessu – þeir virðast hafa gefist upp á þessu.

## Málsvörn er þjófnaður

Sum samtök listamanna hafa skellt sér í höfundarréttarbaráttuna (\*hóst\* farðísímannfrímenn \*hóst\*), tekið þátt í að þrengja að tungumáli, tónlist og kvikmyndum á netinu og mælt fyrir afritunarvörnum. Þetta er áhugavert meðal annars vegna þess að sífellt erfiðara reynist að fá samtök listamanna til þess að gefa frá sér píp í pólitíska baráttu – SÍM treysti sér ekki einu sinni til þess að fordæma það þegar gallerí á Íslandi hætti við sýningu, eftir að í ljós kom að innihald hennar var pólitískt; RSÍ treysti sér ekki til að finna að því þegar bókmenntasjóður braut á eigin reglum með því að sinna ekki nýjum ljóðabókum. Reglan hefur verið að gera ekkert, segja ekkert – nema í tyllidaga skyni, til að tæpa aðeins á mikilvægi þess sem við höfum þegar, en kvarta aldrei, kvabba aldrei.

En altso.

Þetta er líka áhugavert – og athugavert – vegna þess að engin sérstök samstaða er meðal listamanna um þann skilning á höfundarrétti sem útgefendur (og listamannasamtök) prómótera: að verkin megi ekki afrita, fjölfalda, breyta og svo framvegis, enda hefta þessi lög listamenn (að einhverju leyti, hið minnsta) í sköpun sinni. Og það er svo sannarlega engin samstaða meðal listamanna um afritunarvörn. Engu að síður leyfa ýmis samtök sér að tala um afritunarvörn og önnur skyld málefni í nafni listamanna (jafnvel allra listamanna) þótt þau séu þar ekki annað en málpípur útgefenda – hverra hagsmunir eru ekki endilega alltaf samræmanlegir hagsmunum listamanna.

Útgefendur reka íhaldssamar stofnanir sem hreyfa sig hægt  
– minnst hæga risaeðlan vinnur.

Listamenn lifa af ímyndunarafli sínu og relevans, möguleikum sínum til nýrrar sköpunar og samræðu sinni við aðra.

## Lestur er þjófnaður

Samkvæmt nýjustu fréttum hafa útlán bókasafna stóraukist. Á þremur árum, frá 2007-2010, fjölgaði lánþegum úr 160 þúsund í 195 þúsund. Útlánum fjölgaði úr 867 þúsund í 980 þúsund. Haft er eftir formanni félags bókasafns- og upplýsingafræða að líklega sé þetta afleiðing kreppunnar, fólk vilji heldur fá bækur að láni en kaupa þær.

Ég finn ekki upplýsingar um bóksölu 2008 og 2010, en árið 2009 var metár í sölu og aldrei hafa komið út jafn mörg íslensk skáldverk og árið 2010. Þetta gerist á sama tíma og sífellt fleira fólk eignast bóklestrartæki – Kindla og annars lags – sífellt auðveldara verður að bísa bókum og bókaverð hefur hækkað um svona sirka 20-30%.

Hér eru dæmi – miðað er við leiðbeinandi útsöluverð í bókatíðindum. Á dæmunum má sjá að fram að hruni helst harðkápuverð nokkurn veginn óbreytt, en þýtur svo upp (aðallega vegna aukins pappírskostnaðar í kjölfar gengishruns, sem er að gera út af við prent á Íslandi, skilst mér). Ég reyndi að taka dæmi af svipuðum bókum.



**HARÐKÁPUR**

2000 <i>AM 00</i> , JPV, 432 bls.	4.480 kr.
2001 <i>Höfundur Íslands</i> , Mál og menning, 420 bls.	4.690 kr.
2002 <i>Ísrael</i> , Iðunn, 300 bls.	4.690 kr.
2003 <i>Stormur</i> , Mál og menning, 334 bls.	4.690 kr.
2004 <i>Bátur með segli og allt</i> , Vaka Helgafell, 310 bls.	4.490 kr.
2005 <i>Yosoy</i> , Mál og menning, 383 bls.	4.690 kr.
2006 <i>Sendiherrann</i> , Mál og menning, 380 bls.	4.690 kr.
2007 <i>Hnífur Abrahams</i> , Sögur, 320 bls.	4.490 kr.
2008 <i>Vargurinn</i> , Bjartur, 360 bls.	4.680 kr.
2009 <i>Harmur englanna</i> , Bjartur, 316 bls.	5.680 kr.
2010 <i>Ég man þig</i> , Veröld, 320 bls.	5.890 kr.

**KILJUR**

2000 <i>Morðið í sjónvarpinu</i> , Mál og menning, 207 bls.	1.599 kr.
2001 <i>Mýrin</i> , Vaka-Helgafell, 281 bls.	1.599 kr.
2002 <i>Napóleonskjölin</i> , Vaka-Helgafell, 278 bls.	1.599 kr.
2003 <i>Í upphafi var morðið</i> , Mál og menning, 268 bls.	1.599 kr.
2004 <i>Hótel Kalifornía</i> , Forlagið, 232 bls.	1.599 kr.
2005 <i>Heimsins heimskasti pabbi</i> , Forlagið, 218 bls.	1.799 kr.
2006 <i>Kaldaljós</i> , JPV, 254 bls.	1.890 kr.
2007 <i>Farþeginn</i> , Forlagið, 236 bls.	1.868 kr.
2008 <i>Himnaríki og helvíti</i> , Bjartur, 214 bls.	1.980 kr.
2009 <i>Auðnin</i> , Veröld, 403 bls.	1.980 kr.
2010 <i>Harmur englanna</i> , Bjartur, ? bls.	2.480 kr.

Það er ekki merkt hvort bækurnar eru kiljur eða harðkápur, svo ég þurfti að giska – það er séns að einhverjar svonefndar „royal“ kiljur hafi slæðst með, en það er finni útgáfa og yfirleitt 20-30% dýrari, á að giska.

Kiljurnar hækka annars í verði þremur árum á undan harðkápunum. Sem er áhugavert.

En ég ætlaði ekki að fara að rýna í þessar tölur. Ég ætlaði bara að segja: Við stelum, kaupum og fáum lánaðar fleiri bækur en nokkru sinni fyrr. Og ekki veit ég hvenær þið ætlið að finna tíma til að lesa allan þennan texta. Nema auðvitað þið hættið á Facebook. Ekki seinna en strax. Næsta jólabókafloð er bara rétt handan við hornið.

## Átvinnuleysi er þjófnáður

Það fær enginn höfundarréttargreiðslur þegar þú hleður niður bókum af Project Gutenberg. Það fær enginn vinnu við að prenta þær, auglýsa þær, brjóta þær um, selja þær, flytja þær á haugana og brenna þær.

Allt þetta fólk, sem hefði annars getað verið í vinnu og brauðfætt fjölskyldur sínar, það er bara heima hjá sér að klóra sér í rassinum og bíða þess að svelta í hel.

Ásamt öllum beykjunum, sóturunum, lútuleikurunum, járnurunum, mjólkurpóstunum, víkingunum og galdralæknunum. Og fjölskyldum þeirra.

## Betamax er þjófnaður

Þegar Betamax og VHS voru fyrst markaðssett vildu útgáfurisarnir („auðvaldið“) láta banna myndbandsspólur. Í stað þeirra átti fólk að notast við Discovision-geisladiska, vegna þess að á þeim var afritunarvörn og það var ekki hægt að taka upp á þá.

Ef bannið hefði náð í gegn hefði heimavídjóbyltingin aldrei átt sér stað.

Ef bannið hefði náð í gegn hefði ég aldrei getað horft á Skaupin 1984-1990 tíu þúsund sinnum, aldrei getað horft á Ívar hlújárn tuttugu þúsund sinnum, aldrei getað safnað þungarokksmyndböndum úr sjónvarpsþættinum Bylmingi eða fengið í arf Poppkornsmymböndin (með Ævari Erni) frá stóru systur minni. Ég hefði aldrei getað lært *Með allt á hreinu* utanbókar. Ég myndi sjálfsagt ekki einu sinni vita hver Varstaðtalísímann Frímann væri.

Þótt það hafi lengst af ekki verið nein (dugandi) afritunarvörn á VHS-spólum þá fórum við samt oft í viku, eins oft og við fengum, og leigðum okkur spólu. Ég hef ábyggilega eytt milljónum í að leigja vídjóspólur.

Og sé ekki eftir einni einustu milljón. Verðykkur-baraðgóðu, vídjóspólulistamenn.

## Okur er þjófnáður

Þetta er líka játning: Rafbækur eru of dýrar, í mörgum tilvikum dýrari en kiljur og í einhverjum tilvikum dýrari en harðkápur. Þetta er ekki mér að kenna, en svona er þetta samt.

Því hefur verið haldið fram að fólk vanmeti framleiðslukostnað rafbóka.

Ég segi: ef hann er meiri en framleiðslukostnaður kilja þá er bisnissmódelið ónýtt.

Rétt einsog það greiðir enginn (nema alger fábjáni) sömu upphæð fyrir MP3 niðurhal og geisladisk í umbúðum, greiðir enginn sömu upphæð fyrir texta á rafrænu formi og í prentaðri bók (jæja, jú, ég hef gert það; en ég er líka fáviti og mér leið einsog ég væri að bjóða fólki að misnota mig og fólkið væri bara: jájá, leyfð'okkur, leyfð'okkur!).

Nýjasta plata Ólafs Arnalds kostar ríflega þúsundkall í niðurlagi en 2.600 krónur á disk með umslagi.

Skáldsagan *Freedom* eftir Jonathan Franzen kostar hins vegar 2.900 krónur fyrir Kindle en 2.400 krónur í harðkápu (og ennþá minna í kilju). Ef það kostar meira að dreifa rafbók Franzens en plötu Ólafs Arnalds er einhver skekkja í útgáfunni sem verður að leiðrétta.

Það hvort ég greiði fyrir plötu Ólafs Arnalds eða skáldsöguna *Freedom* er núna siðferðisleg spurning. Þannig var það ekki fyrir 30 árum, en þannig er það í dag – ég bjó ekki til veruleikann, ég er bara að segja að við verðum að horfast í augu við hann.

## Sæmdarréttur er þjófnauður

Önnur hlið höfundaréttarins er sú sem snýr að sæmd höfundar og bannar að breyta verki hans eða afskræma og er þessi réttur ekki framseljanlegur. Í þessu felst ennfremur skylda þeirra sem birta verk að geta nafns höfundar og heiti verks. Sæmdarrétturinn gildir um öll verk án tímatakmarkunar.

### *Af heimasíðu Myndstefs*

Kristján B. Jónasson, útgefandi hjá Crymogeu (og formaður Félags íslenska bókaútgefenda), fór nýlega fram á að breyttu eintaki af bókinni *Flora Islandica* verði úthýst af (ágengu) myndlistarsýningunni *Koddu*. Hið nýja verk nefnist „Fallegasta bók í heimi“ – og hefur verið fyllt af mat – en *Flora Islandica* er upphaflega teiknuð af Eggert Péturssyni, listmálara. Vísar Kristján til sæmdarréttar með kröfu sinni. Standist sítatið hér að ofan sýnist mér Kristján – og Eggert – hafa lagalegan rétt til þess að verkið verði fjarlægð. En ég hef nota bene ekkert vit á lagabálkum, nema rétt til þess að skilja að það er gott að þeim sé ögrað, oft og mikið.

Í Bandaríkjunum (og víða annars staðar) veitir sæmdarréttur ekki höfundi fullkomna vörn fyrir afskræmingu verks – heldur fyrst og fremst því að nafn hans sé notað á verkið, það sé kennt við hann, auglýst eða kynnt sem hans. Ef ég sem sagt tek (fjöldaframleidda) portrettið sem þú málaðir af keisaranum og teikna yfirvaraskegg á kallinn, þá má ég ekki lengur halda því fram að þú sért höfundur verksins. Þetta er að vísu grátt svæði – og mats-

atriði hverju sinni – en í höfundaréttarlög eiga að veða balans við tjáningafrelsi og í Bandaríkjunum (a.m.k.) vegur tjáningafrelsið jafnan mjög þungt.

Það hefði í sjálfu sér verið ágætt að það færi í hart milli Crymogeu og aðstandenda sýningarinnar *Koddu* – þótt ekki væri nema til að vekja athygli og umræðu um sæmdarréttinn (og helst, auðvitað, færa hann í ameríska horfið). En aðstandendur sýningarinnar urðu einfaldlega við þessari beiðni útgefandans og væntanlega verður ekki meira úr þessu en smá öldugangur á Facebook. Sem er miður – því einmitt í svona tilvikum á að fara í hart, á að láta reyna á lögin, á rétt listamanna til að bregðast við veruleikanum með því að meðhöndla fjöldaframleidda hluti, tjá sig og tala við hlutaveruleikann.

## Tækni er þjófnaður

Baráttan gegn afritun listaverka er ekki lengur háð með lögum og reglum. Á síðustu árum hafa stórfyrirtækin (sjá: „auðvaldið“) „tekið málin í sínar hendur“ og eytt gríðarlegum tíma og fjármunum í að hanna nýja og betri lása, og nýjar og snjallari aðferðir til þess að beita lásunum sínum. Þegar lásarnir virka ekki á neytendur snúa menn sér að bellibrögðum (við skulum kalla þetta félagslegan terrorisma, hjáveituaðgerð á lýðræðið).

Til dæmis: Það er ekki bannað að setja upptökutakka á DVD-spilara. Þeir sem smíða DVD-spilara þurfa kóða frá Hollywood (les: „auðvaldinu“) til þess að spilarinn geti lesið diskana. En þeir fá ekki dulmálaskóðann nema þeir skrifi undir loford þess efnis að þeir muni ekki setja upptökutakka á DVD-spilarann.

Það er engin tæknileg ástæða fyrir því að þú getur ekki lengur tekið upp það sem er í sjónvarpinu. Og engin lagaleg (sú barátta vannst fyrir löngu, sjá fyrri orð um Betamax vs. Discovision).

Þetta er nefnilega ekki lýðræði, þetta er nauðgun.

Þegar hér er komið sögu er stórfyrirtækjunum (hér: „auðvaldinu“) í lófa lagt að beita þessum svonefndu afritunarvörnum, sem eiga að vernda fátæku listamennina, til þess að hámarka gróða sinn (frekar en að vernda einn eða neinn). Þannig eru nokkrir dulmálaskóðar í umferð – sirka einn fyrir hverja heimsálfu – sem gera það að verkum að ef ég kaupí mér DVD-disk í New York get ég ekki séð hann í spilaranum mínum á Ísafirði. Tölvan mín getur lesið



diskinn, en fyrst spyr hún hvort ég vilji skipta um svæði og minnir mig á að ég get bara skipt um svæði X sinnum (gott ef það var ekki 5 sinnum).

Fyrir þessu er enginn ástæða önnur en háværkun gróðans. Lögfræðingar útgáfurisanna (s.s. „auðvaldsins“) eru ekki með listamönnum í liði, ekki með neytendum í liði – þeir eru ekki einu sinni með minni útgáfufyrirtækjum í liði (sem samkvæmt rannsóknum njóta góðs af deilingunni, enda kemur hún að einhverju leyti í staðinn fyrir stórt auglýsingaböðjett).

Þetta er nefnilega ekki lýðræði, ekki tjáningarfrelsi, ekki vettvangur hinna skapandi stétta, vernd fyrir fátæka listamenn, ekki tyllidagaröfl um mikilvægi þess að tryggja starfsöryggi hugsuða og skálda – þetta er hamslaus græðgi.

## **Þessi rannsókn er þjófnaður**

David Blackburn, doktorsnemi í hagfræði við Harvard, birti árið 2004 ritrýnda fræðigrein þar sem hann reiknaði út að ólöglegt niðurhal á tónlist ylli aukinni sölu fyrir neðstu 75% allra titla; hefði engin mælanleg áhrif á sölu titla frá 75. prósentu upp í 97. prósentu; og ylli örlitlum samdrætti í sölu hinna „ofurríku“ frá 97. prósentu og upp úr. Útgefandinn Tim O'Reilly hefur kallað þetta „hin stighækkandi skattþrep niðurrhalsins“, þar sem auðnum er dreift til hinna fátæku, hefur engin áhrif á millistéttina og dálítinn aukakostnað í för með sér fyrir hið ríka fámenni.

Þessi setning er ekki stolin. En setningin hér fyrir ofan er það. Nema það sé búið að stela gæsalöppunum utan af henni, búið að stela heimildaskránni. Er þetta einhvers konar getraun?

## Bókalán er þjófnæður

Fyrir einhverjum eilífðum síðan átti ég bandaríska kærustu sem bjó í Sviss. Ég bjó sjálfur í sjö fermetra riskytru við Hringbrautina í Reykjavík og dró fram lífið á hrísgrjónum og sojasósu. Þá litlu peninga sem ég þénaði sparaði ég svo ég gæti flutt til Sviss og verið hjá kærustunni minni.

Nema hvað, hún lánaði mér einu sinni bók. Skáldsögu. Í kilju. *Sexing the Cherry* eftir Jeanette Winterson (ég man það enn, þetta hvílir þungt á samvisku minni, en ég man býsna lítið af því sem stóð í bókinni, mig minnir að mér hafi þótt hún fullvæmin og það smellpassar alveg við ástarsambandið).

Við hættum saman áður en ég flutti út (yfirleitt hættir fólk saman og flytur síðan út, en svona var þetta víst samt). Ég hélt bókinni eftir í svona hálf tónni. Síðan, þegar ég átti pening (hvernig sem nú stóð á því að ég átti pening), stakk ég bókinni í umslag, voða stoltur af sjálfum mér (ég er svo mikill öðlingur), og sendi hana til Bandaríkjana (þar sem stúlkan var nú tímabundið niðurkomin).

Þremur vikum síðar fékk ég tölvupóst:

hey there sweet boy,  
we just got back from the states...  
while there i found an empty envelope from you.  
apparently the seal of the envelope came open  
somewhere, and there was nothing inside it when it  
arrived.  
so my mind wonders at what you sent, what you had  
to say?  
i am so curious.  
please send me news of your adventures, and things.  
much love,  
a

## MP3 er þjófnaður

Rétthafar ritlistar virðast hafa lært sitt hvað af mistökum og andvaraleysi tónlistar- og kvikmyndaheimsins og stýra sínum málum af meiri festu.

*Farðísímann Frímánn Magnússon,  
Fréttatímanum, 25. mars*

Það sem Farðísímann Frímánn\* kallar „andvaraleysi“ kallar flest annað fólk áratugalöng og kostnaðarsöm (í skrilljónum talið) málaferli og misyndisverk gegn vindmyllum.

Þeir slöktu á Napster og þá spratt upp Kazaa, þeir slöktu á Kazaa og þá spratt upp Youtube og Torrent. Þeir gera það sem þeir geta til að slökkva á Torrent og rembast við að þrengja að Youtube. Gogoyoko, Spotify og iTunes verslunin eru kannski til marks um breytt viðhorf – við skulum vona að þetta horfi allt til betri vegar.

Þeir reyndu að þröngva upp á neytendur tíu þúsund ólíkum afritunarvörnum en það vildi þær enginn. Fólk vildi MP3. Vegna þess að það var hægt að nota MP3 alls staðar. Þú gast skipt um tölvu tíu sinnum, sett upp nýtt stýrikerfi fimmtán sinnum, geymt öryggisafrit af tónlistarsafninu á 20 ólíkum hörðum diskum, án þess að lenda nokkurn tímann í vandræðum. Án þess að læsast úti.

Fólk vill ekki afritunarvörn á tónlistina sína frekar en bækurnar, stólana, bollana og skemlana. Við viljum ekki bara geta horft á eigur okkar, við viljum líka geta tekið þær í sundur ef okkur fýsir – við viljum geta sagað undan stólunum okkar svo börnin geti setið á þeim, viljum geta

málað myndir á bollana okkar og viljum geta sett „Eye of the Tiger“ í hljóðrásina á brúðkaupsvídjóinu okkar (já, víst viljum við það! við erum ógeðslega smekklaus!).

Og það sem meira er, samkvæmt lögum við megum við það. Lögin eru með okkur í liði, en þeir (altso: „auðvaldsherrarnir“) vilja gera okkur það eins illmögulegt og þeir frekast geta.

\* Ég get ekki hjálpað ykkur ef ykkur finnst ekki fyndið að uppnefna fólk.

## Þetta er þjófnaður

Þú getur stolið bókum á Gigapediu ([www.library.nu](http://www.library.nu)).  
Lifandis óhemju af bókum, fræðiritum og skáldsögum.

Þú getur stolið bókum á Torrentsíðum – til dæmis [www.isohunt.com](http://www.isohunt.com).

Það er hugsanlegt að ég hafi þegar gert það. Það er hugsanlegt að tugir þúsunda hafi þegar stolið þessum bókum. En það skiptir engu máli. Þær eru þarna enn. Þeim hefur þá bara fjölgað.

Þú getur beðið vini þína, sem skrifuðu bækurnar, að senda þér þær. Til dæmis með tölvupósti. Svo geturðu notað forrit á borð Calibre eða Scrivener til þess að vista þær fyrir Kindilinn (eða aðra raflesara).

Mér skilst þú getir stolið bókum af Google Books. Ég kann það ekki. Ef einhver kann það má hann alveg kenna mér það.

Svo geturðu auðvitað notað Instapaper til þess að hlaða öllu helvítis internetinu inn á Kindilinn. Það er samt ekki jafn spennandi, enda er það (í svo gott sem öllum tilfellum) löglegt.

## Djass er þjófnáður

Á fjórða áratugnum stjórnaði William Savory upptökum á spilamennsku margra frægustu djassista í heimi – upptökum sem þykja ekki bara sögulegar vegna þess hverjir komu við sögu (Louis Armstrong, Benny Goodman, Billie Holiday, Count Basie, Coleman Hawkins, Lester Young, Bunny Berigan, Harry James o.fl. o.fl.) heldur vegna einstaklega mikilla gæða. Upptökurnar gerði Savory þegar tónlistarmennirnir spiluðu live í útvarp – hann gerði þær fyrir sjálfan sig – og þótt bráðum sé öld liðin frá því margar þeirra fóru í loftið eru ekki nema örfáir sem hafa fengið þeirra notið, sem aftur hefur aukið á mystíkina.

Ástæðan er „möguleg höfundaréttarbrot“ – það er ekki vitað hver kann að hafa leikið í hvaða lögum og þar með er ekki vitað hver gæti hugsanlega kært hvern fyrir mögulega meint brot vegna grunaðrar ólöglegrar fjölföldunar á líklega höfundaréttarvörðu efni. Og ef einhver gefur þetta út, gefur hann á sér höggstað – sem gæti kostað milljónir.

Og þá slær þögn á heiminn.

## Fair Use er þjófnaður

Í ljósrítunarkompum háskóla er yfirleitt einhvers konar pappír á veggnum sem útskýrir hversu mikið má ljósrita úr bókum samkvæmt lögum. Í Bandaríkjunum er talað um „fair use“ en sams konar og svipuð lög eru í gildi víðast hvar. Þú mátt altso taka ákveðinn hluta hugverks til einkabruks og ákveðinn hluta máttu endurbirta í tilteknum tilgangi. Til dæmis má í Bandaríkjunum birta myndskleið sem þegar hefur verið sjónvarpað í fréttum, svo fremi það sé undir ákveðinni lengd; þú mátt vitna í bækur í ritgerðum, nýta þér hugmyndir þeirra tiltölulega grensulaust og lesa upp stök ljóð inn á Youtube.

40

Margar ljósmyndir þykja einfaldlega eiga erindi við almenning – sadistarnir í Abu Ghraib fengu það best ég veit ekki greitt fyrir ljósmyndirnar sínar. Stundum er búin til reglugerð til að tryggja einhverjar tekjur án þess að skerða sjálft frelsið (ég má t.d. taka upp og gefa út alla þá músík sem ég vil, án leyfis höfundar – en ég þarf að borga fast gjald fyrir það).

Höfundarréttarlög hafa alltaf verið hugsuð sem vandmeðfarið mótvægi við tjáningarfrelsið og almenna hagsmuni samfélagsins. Það er ekki fyrrenn á síðustu árum sem farið er að tala um þau einvörðungu sem vörn fyrir rétthafa (eða „listamenn“ – en listamenn eru yfirleitt ekki einu rétthafarnir á verkum sínum, oft eiga útgefendur stóran hlut og stundum hafa listamenn hreinlega selt frá sér réttinn á verkum sínum (halló, Bubbi!)). Samfélagið dafnar í skjóli samskipta, þrífst á flæði hugmynda – og tjáningarfrelsið á í prinsippinu að tryggja að við getum sagt allt sem við



viljum. En til þess að koma í veg fyrir að við endurtökum bara sömu hugmyndirnar að nauseam, til þess að tryggja einhvers konar rétt á tiltekinni hugsun sem geti þá skapað hugsuðinum einhvers konar arð og til þess að tryggja að hugsanirnar verði ekki beyglaðar, skekktar og skældar (t.d. með því að slíta þær úr því samhengi sem hugsuðurinn hefur sett þær í) fundu menn upp á höfundarréttarlögum.

Höfundarréttarlög eru hins vegar ekki absolút; þau eru þvert á móti afar túlkanleg og það er með fullum vilja. Tryggingin sem þau veita á ekki að vera alger og það þarf mannsauga til að greina hvenær þau eiga við og hvenær ekki. Þau gætu t.d. átt við ef ég tæki bókina Rokland og gerði úr henni nýja bíómynd, af því ég var ósáttur við hvernig hin endaði (ég hef nota bene ekki enn séð þennan umdeilda endi, en ég hef séð alla aðra hluta myndarinnar og þeir voru að mestu leyti æði). Hins vegar ættu þau ekki endilega við ef ég tæki mig til og gerði paródíu af bíómyndinni hans Marteins eða bókinni hans Hallgríms (ekki frekar en þau áttu við þegar Hallgrímur paródíseraði Sjálfstætt fólk í Höfundi Íslands; og ekki þótt hann hefði gengið tíupúsund sinnum lengra).

Afritunarvörnin er annars eðlis en höfundarréttarlög og ekki í anda þeirra einsog þau voru lengst af hugsuð. Afritunarvörnin grípur fram í fyrir þér ÁÐUR en þú gerir nokkuð; hún gefur þér ekki séns á að reyna mörkin. Hún skilgreinir þjófnað áður en nokkur þjófnaður hefur átt sér stað og kemur fram við alla einsog glæpamenn.

## Dulmálslyklar eru þjófnaður

Það er afritunarvörn á DVD-diskum og rafbókum. Hún gerir hins vegar ekkert gagn. Maður þarf að vera hálfgerður fábjárni til þess að finna ekki bíómyndir og bækur óvarðar á netinu, geri maður (ó)heiðarlega tilraun til þess.

Afritunarvarnir virka ekki. Það tekur yfirleitt ekki nema tvo-þrjá daga að brjóta niður nýjustu, fínustu afritunarvarnir. Til þess þarf maður auðvitað sérþekkingu, en heimurinn er fullur af óþægum nördum með sérþekkingum – við hin þurfum bara að kunna að gúggla.

Maður gæti haldið að þetta væri spurning um að búa til nýrri og betri afritunarvarnir. En vandamálið er ekki tilfallandi heldur kategórískt: Þú getur ekki selt dulkóðaða vöru nema þú seljir líka vöru til að leysa dulkóðann – afspilara sem ræður í tákinn og skilar þér bíómynd eða bók.

Bókabransinn selur þér fyrst bækur á dulmáli og síðan dulmálslykilinn. Sérfræðinördinn þarf bara að kíkja undir húddið, finna dulmálslykilinn, afkóða bókina og fleygja henni á netið. Og málið er dautt.

En jafnvel þótt við gæfum okkur að afritunarvörnin yrði fullkomnuð, þá þarf aldrei nema eitt analóg skref inn í ferlið til þess að rústa því: Ég get alltaf stungið míkrafóni inn í hátalarann og tekið upp nýja útgáfu af laginu; ég get alltaf stillt myndbandstökuvél upp fyrir framan sjónvarpið; ég get alltaf vélritað upp bókina, ljósritað hana og OCR-að hana.

# Íslensk flóra er þjófnaður

Þessu lauk ekki á Facebook. Þessu er enn ekki lokið.

Fyrir tíma *Floru Islandicu* áttum við *Íslensk flóra með litmyndum*. Það er í meginráttum sama verk á minni og ódýrari síðum, handbók í grasafræði, þar sem textinn nýtur sín betur.

Það hefði enginn heilvita maður sakað listamann um brot á sæmdarrétti fyrir að klína mat á *Íslenska flóru með litmyndum* (ætla ég rétt að vona). Samt er þar um að ræða útprentun sama höfundarverks, fjölfaldaðs með ISBN-númeri og öllu saman, alveg „einsog“ *Flora Islandica*.

Nema það er auðvitað ekki eins. Einhvers staðar er *ákveðið* að nýja Flóran sé verðugri fulltrúi málverka Eggerts Péturssonar en gamla Flóran – að hún sé raunveruleg representasjón af málverkum hans en sú gamla sé það ekki eða í öllu falli síður (en þess má þó geta að Eggert kærði líka notkun myndanna úr *Íslensk flóra með litmyndum* á mjólkurfernum, einhvern tíma í fyrndinni).

Og maður spyr sig, er það stærðinni að þakka? Er það vegna þess að bókin er prentuð í takmörkuðu upplagi? Þótt 500 bækur þætti í sjálfu sér mjög gott fyrir ljóðabók, samkvæmt VARA-sáttmálanum í Bandaríkjunum njóta verk ekki eintakaverndar séu þau prentuð í fleiri en 200 eintökum. Eða er það vegna þess að eintökin eru tölusett – vegna þess að þau eru árituð? Eða er það kannski bara verðmiðinn sem veldur? Kynningin? Þakkningarnar?

## Bissnissmódelið þitt er þjófnaður

Ég er ekki reyna að segja að neinum hvernig þeir eigi að breyta hugsun sinni í peninga, hvernig þeir eigi að breyta hugsun annarra í peninga, hvernig þeir eigi að breyta hugsunum í orð, orðum í bækur, bókum í peninga. Það er vandamál sem höfundar og útgefendur verða að leysa – vandamál sem er raunar heldur auðleystara á Íslandi en víða annars staðar (enda lifa fæstir höfundar á Íslandi af bóksölu).

Ég er einfaldlega að segja að bissnissmódelið sem menn ríghalda nú í er tímaskekkja, þrjóskur anakrónismi. Það er einfaldlega ónýtt. Það virkaði kannski á 20. öldinni, en það virkar ekki lengur. Það væri löngu horfið ef ekki væri fyrir sameiginlega íhaldssaman vilja kapítals og ríkisvalds.

Ég ætla ekki að segja ykkur hvað kemur í staðinn. Ég er ekki véfrétt og ég veit það ekki. Ég veit bara að þetta er ónýtt, og þeir sem óttast mest eiga eftir að verða undir.

Man einhver hvaða fyrirtæki dómíneraði yfir vasadiskóbransanum fyrir kvartöld síðan? Á meðan Sony Walkman var að reyna að gera útaf við MP3 væðinguna sneri fólk sér einfaldlega annað. Sá sem býður upp á opnasta og þægilegasta plattformið, ódýrustu og bestu þjónustuna, hann vinnur. Sá sem fer í stríð við fólk, hann tapar.

## Tekjur mínar eru þjófnaður

Ég hef þénað meira á upplestrum en af bóksölu. Meira á greinaskrifum en upplestrum. Meira á þýðingum en greinaskrifum. Stærstur hluti tekna minna – sjálfsagt langt að helmingur þeirra – hefur svo komið í formi styrkja. Þessir styrkir eru jafnan greiddir með sköttum – og þá sjaldan þeir eru ekki greiddir með sköttum eru þeir greiddir með hærra þjónustu- og vöruverði. Ég neita að líta svo á, að jafnvel þótt skattgreiðendur hafi í einhverjum mæli aðgang að bókum mínum – ég er ekki að segja að þær eigi að vera ókeypis, heldur aðgengilegar – þá sé verið að snuða mig.

Að vísu er einn staður í heiminum þar sem maður fær nokkurn veginn aldrei greitt fyrir upplestra – ((hv)ísland) – en þar les ég blessunarlega sjaldan.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að ekki er hægt að ætlast til þess að rithöfundar, einsog tónlistarmenn, nái inn einhverjum meiriháttar tekjum með því að koma fram. En þá ber að horfa til þess að ýmis teikn eru um að flestir tónlistarmenn hafi meiri tekjur af tónlistarsölu eftir niðurhalsbyltinguna en fyrir – og geri ekki bókaútgáfan sömu mistök og tónlistarheimurinn og eyði skrilljónum í að streitast á móti óhjákvæmilegri og æskilegri þróun, ár eftir ár eftir ár, heldur snúi sér beint að því að veita góða og ódýra þjónustu, má fastlega reikna með því að rithöfundar geti gert enn betur.

Fæstir rithöfundar sem ég þekki hafa tekjur sínar af bóksölu reyndar. Og ég þekki marga rithöfunda í mörgum löndum. Margir eru í öðrum störfum – kenna við háskóla,

ritstýra tímaritum, reka lítill forlög, skipuleggja listviðburði, skrifa greinar, gagnrýni, pistla, flytja fyrirlestra. Maður þarf ekki að flytja marga fyrirlestra til að ná upp í fyrirframgreiðslu fyrir eina skáldsögu (sem er það eina sem flestir fá fyrir sinn snúð). Margir eru á einhvers konar starfslaunum og allir eru í einhvers konar harki.

Ég á ekki við að þeir megi við tekjutapi. Enda finnst mér ólíklegt að aðrir en allra stærstu höfundarnir (Arnaldur er á Torrent!) verði fyrir tekjutapi. Það sem ég á við er þetta: Við skulum ekki láta einsog það sé eitthvað líklegra að rithöfundar sveltir þótt forlögin láti vera að eyða öllu þróunarfé sínu í afritunarvarnir og þvælu frekar en til dæmis nýtt bisnissmódel, kynningu og já – fyrst við höfum svona miklar áhyggjur af aumingjans höfundunum – ritlaun.

Og það er fullkomlega óásættanlegt að útgefendur stilli höfundum upp einsog einhverjum sveltandi afrikubörnum til þess að réttlæta hysteríska tæknifóbíuna í sjálfum sér.

## Slen er þjófnáður

Því lengur sem íslenskir bókaútgefendur bíða eftir því að Amazon leyfi þeim að selja bækur í (meingallaðri) netverslun sinni þeim mun meiri líkur eru á því að íslenskar bækur skrensi inn á vinstri umferð internetsins – íslenskar skáldsögur eru enda yfirleitt til í ótal rafrænum eintökum, hjá ótal manns; ekki bara höfundur heldur ritstjórum, vinum, mökum og samstarfsmönnum höfundar, prófarkalesurum, kápuhönnuðum, umbrotsmönnum og jafnvel erlendum forlögum. Höfundur getur hafa sent mömmu sinni Wordskjal með bókinni, hún getur hafa sent bróður sínum sem getur hafa sent frændgarði sínum öllum; hingað til hefur enginn nennt að lesa heilu bækurnar af tölvuskjá en nú eru breyttir tímar og mig grunar að rafræn eintök af öllum helstu skáldsögum Íslendinga síðustu 10-15 árin liggja inni í tölvum úti um allan bæ. Það þarf ekki nema lágmarks tölvukunnáttu til að breyta þessum skjölum svo þau megi lesa á Kindlum, Nookum, iPöðum og öðrum bóklestrartækjum (forritið Calibre gerir þetta fyrir mann, það er neytendavænt og ég mæli með því).

Íslensk bókaforlög bíða eftir að Amazon hleypi þeim að. En það þarf ekki bókaverslun Amazon til þess að selja bækur fyrir Kindle – og hún gagnast ekkert til þess að selja bækur fyrir aðrar græjur. Sá sem getur tekið á móti greiðslu á netinu getur selt rafbækur. Öll forlög á Íslandi (eða svo gott sem) geta tekið á móti greiðslum á netinu. Allar afsakanir eru fyrirsláttur og hræðsla.

Á það hefur verið bent að íslenskar bækur séu til sölu á iBookstore, en það módel er ennþá gallaðra (ennþá skelkaðra!) en Amazon, enda fæst ekki aðgangur að versluninni nema í gegnum iPad – og Apple tekur auk þess 30% hlut af öllum bókum sem eru seldar í gegnum aðrar bókaverslanir á iPad (en það er m.a. svona taktík sem viðheldur rafbókaverðinu svívirðulegu).

Framtíðin er ekki í lokuðum sérverslunum á netinu; sá sem rígheldur í sitt af einskærum ótta, múrar sig inni og eyðir tíma sínum í að búa til magnaðri DRM-lása á vörur sínar, í stað þess að bjóða einfaldlega upp á góðu þjónustu á mannsæmandi verði, hann tapar. Sá sem dressar sig upp í fæting við lesendur, í fæting við internetið, hann einfaldlega tapar.



## Frumleiki er þjófnáður

Ég má hafa hugmyndir þínar eftir, líkt og þær væru mínar eigin, svo fremi ég noti ekki sömu orð í sömu röð. Höfundarréttur ver ekki hugmyndir þínar, einungis eina tiltekna framsetningu hugmynda þinna.

Þú mátt hafa hugmyndir mínar eftir, líkt og þær væru þínar eigin, svo fremi þú notir ekki sömu orð í sömu röð. Höfundarréttur ver ekki hugmyndir mínar, einungis eina tiltekna framsetningu hugmynda minna.

Hugmyndir mínar mega aðrir hafa eftir líkt og þær væru þeirra eigin, svo fremi sömu orð birtist ekki í sömu röð. Hugmyndir mínar eru ekki varðar höfundarrétti, einungis tiltekin framsetning hugmynda minna.

Eftirhöfunarréttur þinn á frumleikahugmyndum mínum er réttsvosjálfsagður, sé orðfylgd þín annarslags en mín. Myndhuganir mínar varða ekki rétt höfundar, tiltekin einungis minna hugmynda framsetning.

## Amen er þjófnadur

Árið 1969 spilaði trommuleikarinn G. C. Coleman inn dálítið bít – svokallað breik – í lagið „Amen, Brother“ með hljómsveitinni *The Winstons*. Lagið er hröðuð útgáfa af laginu „Amen“ sem Jester Hairston hafði samið fyrir kvikmyndina *Lilies of the Valley*, og *The Impressions* höfðu gert vinsælt kover af fáum árum áður (sköpun getur af sér sköpun getur af sér sköpun o.s.frv. ... ) Þetta rétt ríflega fimm sekúndna bít er samplaðasti bútur tónlistarsögunnar – hefur heyrst í lögum einsog „Straight Outta Compton“ með N.W.A. „D’You Know What I Mean“ með Oasis og „The Perfect Drug“ með Nine Inch Nails, að ónefndum þúsundum annarra misfrægra laga, í auglýsingum, sjónvarpsþáttum og bíómyndum – ef þú býrð í nágrenni við útvarp eða sjónvarp hefurðu heyrt það milljón sinnum.

G. C. Coleman sem trommaði breikið átti aldrei höfundarétt á því – hann lenti hjá saxófónleikara sveitarinnar, sem var skrifaður fyrir laginu. Hvorugur þeirra fékk nokkuð greitt fyrir bítið (fyrir utan þær tekjur sem þeir höfðu af eigin plötusölu), og hvorugur þeirra sóttist nokkurn tíma eftir því.

## Lygi er þjófnæður

Bókaverslun Amazon lætur einsog hún bjóði mér upp á þjónustu, hún hjálpi mér að velja, að hún komi með heiðarlegar uppástungur, svona einsog starfsmaður í bókabúð:

Sá sem keypti bók A gæti viljað tékka á bók B.

Bókaverslun Amazon getur þess ekki að þetta eru keypt auglýsingastæði – Amazon stingur ekki upp á bókinni nema að Amazon fái greitt fyrir að stinga upp á henni. Þeim mun meira sem Amazon fær greitt, þeim mun ákafar stingur Amazon upp á henni.

Í hvert einasta sinn sem ég opna Amazonverslunina í Kindlinum mínum er ég spurður hvort ég vilji ekki lesa Stieg Larsson í enskri þýðingu. Það skiptir engu máli þótt ég hafi ekki viljað það síðustu 200 skiptin; Kindillinn hefur enn ekki komið með nýja uppástungu. Og gerir ekki fyrrenn einhver borgar honum fyrir það. Þær uppástungur verða síðan líklega alveg jafn mikið út í hött, í alveg jafn litlum tengslum við innkaupavenjur mínar.

Starfsmenn bókaverslana (þessir sem gerðir eru úr kjöti, vöðvum, sinum og hugsunum) gera sjálfkrafa ráð fyrir því að ég hafi heyrt um Stieg Larsson, Dan Brown og JK Rowling. Þeir leggja metnað sinn í að benda mér á eitthvað annað, eitthvað sem er ekki á allra vörum. Aðall bókabúðarstarfsmannsins er að vita það sem enginn annar veit.\*

Ég hugsa að þetta gæti algóritminn á Amazon, ef hann kærði sig um. Vandamálið í þetta skiptið er ekki að Amazon sálgreini lestrarvenjur mínar, ryðjist inn í mitt persónulega rými – vandamálið er að Amazon gerir það einmitt ekki. Ég vil að Amazon muni eftir mér og segi: Hey, ert þú ekki gaurinn sem keypti Nicholson Baker í síðustu viku? Það var að koma ný bók eftir Jonathan Lethem. Þú átt eftir að fila hana. Hún er geðg.

En Amazon er alveg sama hvað ég vil lesa. Amazon veit bara hvað Amazon vill selja mér. *Amazoninu mínu er sama um mig.* Það lýgur að mér og rífur síðan kjaft: Hey, ert þú ekki gaurinn sem vilt lesa nákvæmlega það sama og allir aðrir. Hér er sú bók. Hún er á 70 prósent afslætti. Þegiðu og lest'ana.

\* Ég geri mér raunar grein fyrir því að þessi þjónusta er hverfandi, bókabúðastarfsmaðurinn er enda deyjandi tegund – í keðjum vinna unglingar og afleysingafólk, ekki bókabúðastarfmenn.

# Formáli að drögum að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu

Fyrir þá sem fylgdust ekki með: Bókverkið *Fallegasta bók í heimi* er listaverk unnið í miðlinum „Flora Islandica eftir Eggert Pétursson“ – myndabók með blómum, dýru prenti (kostar í kringum 100 þúsund kallinn í smásölu), sem bókaútgáfan Crymogea gaf út í 500 tölusettum og árituðum eintökum. Listamennirnir á bakvið *Fallegustu bók í heimi* tóku *Floru Islandicu* og fylltu hana af mat. Ég vitna í krítík Hauks Mús Helgasonar:

Þar mætir ein mynd af náttúru annarri. Annars vegar finlegar teikningar sem unnar eru af vandvirkni og fela í sér dásömun, laða fram tign þeirrar lifandi náttúru sem mynduð er, dásömun sem er síðan sjálf vegsömuð af útgefendum og aðstandendum vörunnar, hins útgefna rits, með öllum umbúnaði þess og verðmiðanum sjálfum. Hins vegar náttúra eftir að vera slátrað, unnin, breytt í matvæli og matvælunum svo í sorp. Þetta er sama náttúra. Svona fyrir og eftir mynd, eins og fylgir megrunarkúrum. Hvort sem er spægipylsa eða kartöflumús – allur er þessi matur upprunninn í sömu grösum og myndirnar í bókinni birta. Vegsömunin, sem fer fram á sviði mynda og orða, er þannig látin mæta Rauninni, hinum formlausa óskapnaði sem býr að baki, hringrás lífs, dauða, næringar og rotnunar, sem er náttúran sjálf. Þessi árekstur er jafn fullkomlega elementary og hugmyndafræðilegu þrástefin sem honum er beint gegn.

(*Perspired by Iceland*, 22. apríl síðastliðinn)

Bókverkið *Fallegasta bók í heimi* eftir þau Hannes Lárusson, Ásmund Ásmundsson og Tinnu Grétarsdóttur er stolið. Ég held það sé vitleysa að neita því – og vinni raunar gegn hagsmunum listamanna. Við þurfum þvert á móti að gangast við þjófnadini, benda á og undirstrika að hann er grundvöllur tilvistar okkar – líf okkar væri hreint ekki samt ef höfundaréttur yrði sambærilegur við eignarétt (sem er túlkun þeirra sem telja sig ráða því hvað verður um sköpunarverk þeirra þegar þau hafa horfið inn í heiminn).

## Höfundarréttur er þjófnáður

Ég er ekki „á móti“ höfundarrétti. Mér er raunar til efs að nokkur sé „á móti“ höfundarrétti. Á það hefur verið bent (hæ, Hermann!) að á meðan við (þ.e.a.s. í þessu tilviki „ég“) veltum okkur upp úr því hvernig höfundarréttur er notaður til þess að kúga fólk, þá eigi það til að gleymast að hann er líka notaður til þess að verja höfunda gegn kerfisbundinni kúgun (eða það er að minnsta kosti meiningin, hversu vel sem svo tekst til). Altso: Jón hannar stól, fer með hann til stólafyrirtækisins sem segir æi þetta er nú ekkert merkilegur stóll. Hálfu ári síðar sér Jón stóllinn sinn í öllum búðum, lítið ef þá nokkuð breyttan. Jón fær hvorki greitt fyrir vinnu sína, né fær hann kredit fyrir hönnunina, en kapítalið makar krókinn.

Önnur álíka algeng tegund misnotkunar – sem höfundarréttarlög ættu í prinsippinu að koma í veg fyrir – er þegar tónlist er seld í auglýsingar að listamanninum forspurðum. Fyrir einhverjum árum seldi Plötur ehf. til dæmis lag eftir múm í einhverja auglýsingu – ég man ekki hvernig því máli lyktaði en þau voru aldrei spurð og lagalegur vafi lék á því hvort þau hefðu nokkuð um málið að segja. Í frægu máli tók Doritos-fyrirtækið lagið „Step Right Up“ eftir Tom Waits og fengu eftirhermu til þess að leika það eftir – það varð að prófmáli í Bandaríkjunum og var dæmt Tom Waits í hag: Doritos mátti ekki láta fólk halda að Tom Waits væri sellát fyrir snakk (þau máttu nota lagið; þau máttu bara ekki nota það þannig að fólk gæti haldið að þar syngi Waits sjálfur).

Vandamálið er ekki að höfundarréttur sé í sjálfu sér rangur. Vandamálið er að fyrir sakir alþekktra valdahlutfalla í heiminum (sjá t.d.: „auðvaldið“, „aðallinn“ og „stjórnmalastéttin“) er hann sífellt meira og meira hugsaður út frá þörfum rétthafa frekar en höfunda, út frá þörfum útgefenda, dreifingaraðila og framleiðenda frekar en samfélagsins alls eða einstakra neytenda. Þeir sem eru ekki fyrst og fremst í leit að hagnaði – sem er hinn endanlegi mælikvarði á alla skapaða hluti – þ.e.a.s. samfélagið sem þrífst á hugmyndunum, höfundurinn sem lifir á frægð sinni og skapar í opnara samfélagi og neytandinn sem vill svara forvitni sinni og listhneigð, þeir mæta afgangi gagnvart kapítalinu enda eiga þeir sér alla jafna ekki jafn öfluga málsvara.



## Matur er þjófnáður

Á tyllidögum er talað um bókmenntir einsog næringu, lífblóð þjóða, drifkraft menningar, tungumálsins og hugsunar fólksins – án þeirra gætum við ekki lifað hér á jörðunni, maður lifir ekki af brauðinu einu saman og fram eftir þeim (margstoppuðum!) klisjugötunum öllum saman.

Ef við tökum þessu bókstaflega, tökum verðlauna-höfundana og menntamálaráðherranna og forsetana og þjóðskáldin öll á orðinu og segjum: Já, bókmenntir eru jafn mikilvægar og matur, hvaða rétt höfum við þá til þess að hefta aðgang fólks að fæðunni? Ef við gætum afritað plockfiskinn og sent hann í tölvupósti einsog við getum gert við *Íslandsklukkuna*, *Biblíu fallega fólksins*, *Dymbilvöku* og *Mein Kampf*, höfum við þá rétt til þess að leyfa fólki að svelta?

Fólk vinnur við að veiða fisk, rækta kartöflur og lauk, smíða potta og pönnur, hræra öllu saman og bera á borð – en það gerir það bara á meðan við erum tilbúin til þess að greiða fyrir vinnuna (sem enginn myndi gera ef við gætum bara „stolið“ plockfisknum af internetinu).

Og ef við höfum rétt til þess að leyfa fólki að svelta – ber okkur sem neytendum þá líka að hámarka gróða (og vinnu) annarra? Er siðlaust að borða plockfiskinn heima hjá sér þegar maður gæti farið á Íslenska barinn og borgað stórfé fyrir hann – er maður ekki í einhverjum skilningi að svipta hugsanlegan kokk vinnunni með því að elda sjálfur? *Herma* eftir uppskriftum á veitingahúsum? Og hvað um þá sem hafa ekki einu sinni efni á ýsuflakinu, þótt þeir eldi sjálfir?

Má ég afrita plokkfiskinn og senda þeim? Má ég bara afrita plokkfiskinn minn – eða má ég kannski afrita plokkfiskinn hans Magga Hauks í Tjöruhúsinu á Ísafirði? (Hann er bæði betri og betur útlátinn en sá á Íslenska barnum, og ég vil vera góður við hina soltnu).

Eða er andleg næring kannski bara óþarfi? Eða eru bókmenntir ekki andleg næring? Hvort viljum við vinna meira eða vinna minna? Rétt upp hend sem er að ljúga að mér.

# Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu I

Við byrjum á að bera í bakkafullan lækinn: Sjálfsgagt hefur nú þegar verið alltof margt sagt um myndlistarsýninguna *Koddu*, bókverkið *Fallegasta bók í heimi* og myndabókina *Flora Islandica* – að minnsta kosti ef nokkuð er að marka þá sem kvarta undan óóóóóóheeeeeemmmjjuuuuu leiðindanna.

(Þetta er kannski ekki jafn yfirþyrmandi hjá öllum en Facebook okkar sjálfskipuðu menningarpostulanna beinlínis logar – útgefandi Flórunnar segist enda bæði mala gull af umtalinu og ætla að senda tautendum reikning fyrir tíma sínum, því hann á ekki að þurfa svara fyrir það þótt öðrum þyki kröfur hans þrengja að tjáningarfrelsinu – það er auðvitað ömurlegt að fólki skuli vera gert að standa fyrir þeirri kröfu að tjáningarfrelsið sé skert, það er hreint út sagt *leiðinlegt*).

Við höldum áfram að bera í bakkafullan lækinn: Margt hefur verið sagt af viti um sýninguna og bókverkið (ég nefni grein vinar míns, Hauks Mús, hér: <http://haukur.perspiredbyiceland.com/2011/flora-koddu/>) og margtannað hefur verið sagt af litlum samræðuvilja, litlum skilningi fyrir ólíkum sjónarmiðum: þeim sem hafa eitthvað út á þessa notkun sæmdarréttarins að setja, eða þeir sem setja nokkurt spurningamerki við minnstu klásúlu höfundaréttarlaga, hafa sem dæmi mátt þola háðsglósur um að þeir (og þær) vilji nú áreiðanlega bara ekkert að listamenn fái greitt fyrir verk sín eða verkin njóti nokkurrar verndar. Þessu heldur jafnvel fram fullorðið fólk; fólk sem hefur lifibrauð sitt af

tjáningarfrelsínu, af samfélagskrítík; fólk sem hefur sérhæft sig í siðferðislöggæslu og listdýrkun.

Og verður sjálfu sér beinlínis til skammar.

## Ljóð eru þjófnður

Það eru engin peningar í ljóðum. Bandaríska ljóðskáldið James Sherry reiknaði eitt sinn út að ljóð væru andpeningar – og benti á (með „alvöru“ útreikningum, hvorki meira né minna) að á meðan hvít pappírsörk með engri skrift er varningur sem auðvelt er að selja með hagnaði, þá er sú hagnaðarvon horfin um leið og þú prentar ljóð á örkina. Þá kostar hún meira í framleiðslu en þú færð fyrir hana.

Í ljóðabransanum ríkir þannig fullkomið áhugaleysi af hálfu þeirra sem vilja græða peninga. Það eru ekki til neinar „sjóræningjaútgáfur“ af ljóðum Seamusar Heaney, vegna þess að frumútgáfunar skila tapi. Einu búttleggjin eru á netinu – og þau hafa ekkert nema góð áhrif á sölu sjálfra bókanna. Mörg ljóðabókaförög bjóða einfaldlega upp á fríar útgáfur af bókum forlagsins á netinu – en leggja meiri kraft í að búa til fallegan hlut úr bókinni.

(Mér þykir ljóðabók líka meira óbjekt en skáldsaga – á meðan ég raða ljóðabókunum mínum í stafrófsröð eftir tungumáli, rýni í letur, spássíu og pappír og hef skoðanir á öllu saman, fallast mér yfirleitt bara hendur yfir hvað ég á að gera við prentaðar skáldsögur að lestri loknum – en þetta er líklega minn eigin fetishismi, frekar en allra. Ljóð tilheyra samt (fyrir mér! fyrir mér!) fleiri víddum – prósi vill bara ílát, ljóð eru heildstæð birtingarmynd, þau fá sér ekki bara sæti í bók eða á neti, þau hertaka rýmið í kringum sig og laga það að sér).

## Dexter er þjófnaður

Fyrir fáeinum árum var ég staddur að heiman í nokkrar vikur. Ég var netlaus í íbúðinni sem ég bjó í en kannaðist við einn af nágrönnunum, sem vann hjá netfyrirtæki, og spurði hvort hann gæti ekki reddað mér. Úr varð að ég gaf honum bók og fékk að hanga inn á þráðlausa netinu hans í staðinn, þessar vikur sem ég bjó þarna.

Dag einn var ég síðan úti að reykja og rakst á grannann, sem brosti dálítið vandræðalega til mín.

– Heyrðu, sagði granninn.

– Já? sagði ég – lyfti brúnum, enda var augljóst að nú átti eitthvað að tala við mig.

– Ert þú búinn að vera að dánlóða Dexter nokkuð?

Ég vissi upp á mig sökina. Játaði á mig sökina. Lofaði að gera þetta aldrei aftur.

En þetta vakti mig til umhugsunar. Ég er ekki fær um að sjá hvað aðrir sem fara inn á þráðlausa netið mitt skoða, hvert þeir fara eða hvað þeir gera. Granninn hefur þannig ekki uppgötvað þetta í krafti stöðu sinnar sem neytandi, heldur í krafti vinnu sinnar – og játaði það reyndar.

Á eftir stendur eiginlega ekki á sama. Nú má vel vera að það séu ekki hreinar og tærar persónunjósnir þegar nágranninn sér hvað ég geri inni á *hans* neti – en þar sem hann játaði að hafa komist að þessu í vinnunni, en ekki heima hjá sér, þá virðist mér einhvers staðar opið inn þar sem ætti að vera lokað. Því rétt einsog þú hefur ekki rétt til þess að setja upp eftirlitsmyndavélar í íbúðinni sem ég leigi

af þér, þá máttu ekki gægjast inn til mín í gegnum tölvuna (og þá breytir engu hvort ég er að gera eitthvað ólöglegt – sem ég var ekki að gera (það er ekki ólöglegt að ná í myndir, það er ólöglegt að deila þeim)).

Og þá spyr ég mig: getur starfsmaður netþjónustu á Íslandi dundað sér við að fara í gegnum tölvusamskipti viðskiptavina sinna? Því að svo miklu leyti sem þeir verða hans aldrei varir, geta þeir ekki einu sinni kært hann – og verða að treysta á að ríkið (lögreglan) gæti réttar þeirra (sem mörgum finnst áreiðanlega erfíð og ólíkleg tilhugsun).

## Handsprengrjan er þjófnauður

Fyrir nokkrum árum gáfum við Ingólfur Gíslason út ljóðabók sem heitir *Handsprengrja í morgunsárið*. Þessi bók samanstendur af fundnum textum. Í fyrri hlutanum eru ljóð eftir ýmsa útlenda einræðisherra en í seinni hlutanum eru meðhöndlaðir textar eftir íslenska stjórnmálaspekúlanta. Við áttum hálfvegis von á því aður en við gáfum út bókina að einhver færi í mál við okkur – því textarnir, sem voru einhvers konar útúrsnúningar (sumir myndu segja útskýringar, tæringar) þótt við bættum jafnan ekki miklu við, voru auðvitað stolnir og eignaðir höfundum sínum án leyfis. Og meðal þeirra sem við skopstældum voru aðilar sem eru annálaðir fyrir að taka ekki gríni á sinn kostnað.

En svo gerðist ekkert nema þögnin. Enda hefði það áreiðanlega ekki staðist neinn skilning á höfundarréttarlögum að kæra okkur – ljóðin í seinni hlutanum voru algerlega okkar eigin sköpunarverk og þótt gefið væri í skyn að höfundarnir væru Davíð, Valgerður og Jón Magnússon var nógu ljóst hverjir höfundar (mótendur) voru til þess að hver sá sem hefði kært okkur hefði orðið að athlægi – það hefði í besta falli verið hægt að kæra okkur fyrir að eigna þeim verk sem þau áttu ekkert í. En okkur var það auðvitað ekki ljóst fyrirfram; fyrirfram er maður alltaf viss um að allt fari á versta veg.

Þar með er auðvitað ekki sagt að það hafi ekki verið brotið á höfundarrétti í bókinni – því við brutum svo sannarlega á höfundarrétti með því að birta þýðingar á ljóðum og textum Saddam Hussein, Osama bin Laden,



Avraham Stern, Radovan Karadzic, Silvio Berlusconi, Che Guevara, Túrkménbasí, ónefndra meðlima Hitlersæskunnar, Ayatollah Khomeini, Ronald Reagan og Harry Barnard. Ljóð þessara karla (og einnar Hitlerskonu) voru einfaldlega þýdd, einsog hver önnur ljóð eftir Ginsberg eða Ashbery, og ekki eitt einasta þeirra var fallið úr höfundarrétti.

En því er svolítið farið um þessa menn einsog þá sem framleiða barnaklám – það er ekki beinlínis neinn sem hefur áhyggjur af því að brotið sé á höfundarrétti þeirra.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu II

Ég segi þetta bara einu sinni:

Höfundaréttur á aldrei að takmarka tjáningarfrelsið nema verulega ríkulegar ástæður komi til. *Verulega ríkulegar* (er ég þá búinn að segja það tvisvar?). Höfundaréttur er praktískt atriði sem á að vega salt við tjáningarfrelsið – hann er ekki heilagur eignaréttur (í öllu falli á hann ekki að vera það). Höfundarétti var upphaflega ætlað að sjá höfundum fyrir tekjum, tryggja fjárfestingu útgefenda (fyrstu copyright-leyfin voru veitt prentsmiðjum, ekki höfundum) og vernda listaverkin gegn skemmdum.

Höfundarétti var ekki (endilega) ætlað að koma í veg fyrir að verkin yrðu notuð til nýrrar sköpunar. Það er túlkun sem hefur verið tekist á um frá því fyrstu höfundalögin voru sett – hvar og hvernig höfundaréttur mætir tjáningarfrelsinu – og sú barátta (sem er allt í senn siðferðisleg, heimspekileg, lögfræðileg og félagsleg) hefur sjálfsagt aldrei verið harðari en akkúrat á síðustu árum. Það verður enda sífellt auðveldara að bæði afrita og dreifa list – fyrir tilstuðlan tækniþróunar (takk!) – og því fylgir ákveðin korporat-hystería með sífellt þrengri lagaramma, sífellt meiri neyslustýringu innbyggðri í tækin og sífellt ríkari áherslu á samninga (ef þú smellir á „lesa þennan pistil“ samþykkirðu 40 blaðsíðna skilmálana á bakvið þennan hlekk – sem enginn smellir á eða hefur tíma til að lesa – og þrengir þar með rétt þinn langt umfram það sem lögin segja til um).

## Stjaksetning er þjófnaður

Ónefndur einstaklingur frá Oulu, heimabæ mínum í Finnlandi, var dæmdur í 60 milljón króna sekt síðasta haust. Auk sektarinnar fékk hann þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að reka heimasíðu þar sem fólk var gert kleift að skiptast á tölvuskjölum, þar með töldum höfundarréttarvörðum tölvuskjölum á borð við bíómyndir, tónlist, tölvuleiki og rafbækur. Peningarnir renna að mestu leyti í regnhlífarsamtök tónlistarútgefenda – og til útgáfu-fyrirtækjanna sjálfra.

Ef við gefum okkur að þetta tiltekna tölvunörd sé meðalmaður í vinnu, með meðaltekjur, að hann flytji heim til foreldra sinna og búi þar frítt á meðan hann vinnur fyrir skuldinni, hann fái sér aðra átta tíma vinnu fyrir meðaltekjur og lifi án allra nútímapæginda á borð við farsíma, franskar kartöflur og strætóferðir, mun það taka hann 27 ár að borga sektina. Án sumarfría.

Þetta er ekkert einsdæmi. Þeir einstaklingar sem dæmdir hafa verið í sektir fyrir að deila höfundarréttarvörðu efni á netinu hafa fengið himinháar sektir – sektir af því taginu sem er ætlað að taka menn úr umferð og sýna hinum fordæmi. 9.999 af 10.000 (ef ekki fleiri) munu aldrei nokkurn tíma getað risið undir 60 milljón króna skuld, að ekki sé talað um ofan í kostnaðinn af því að vera til að öðru leyti.

Sá sem skuldar 60 milljónir er ekki álitlegur mannkostur (eða kvenkostur), hann hefur ekki efni á að fara í nám, getur ekki stofnað fjölskyldu, getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér – í kapítalísku samfélagi sem gengur út á jafnvægi debets

og kredits hefur hann einfaldlega verið aflífaður. Það er ekki flóknara.

En það verður auðvitað að gera fordæmi úr þjófunum, stjaksetja þá. Það er ekki hægt að leyfa fólki að setja vestræna siðmenningu á hausinn.

## Bjargvætturinn er þjófnáður

Fyrir sirka tveimur árum síðan gaf sænski rithöfundurinn Fredrik Colting út bók (undir dulnefninu John David California) sem kallaðist *Coming Through the Rye: 60 Years Later*. Bók þessi fjallar um Holden Caulfield, sem þekktastur er sem aðalsöguhetja bókarinnar *Catcher in the Rye* eftir JD Salinger. Holden Caulfield var ekki kallaður annað en „Mr C“ í bókinni. Fredrik Colting þvertók fyrir að um framhald væri að ræða og talaði um bók sína sem „literary commentary“ – bókmenntaumsögn.

Bókin var og er bönnuð í Bandaríkjunum og Kanada.

Á hinum grárri svæðum internetsins þrífst heil bókmenntagrein – „fan fiction“ – sem gengur út á að skrifa nýjar sögur um misfrægar sögupersónur úr bókmenntum, kvikmyndum, tölvuleikjum og sjónvarpsþáttum. Þessar sögur eru skrifaðar undir dulnefnum og svo gott sem aldrei prentaðar eða seldar, enda athæfið í sjálfu sér (nær undantekningalaust) ólöglegt. Þeim sem skapa þessa list er gert ómögulegt að gera sér tekjur úr vinnu sinni eða þiggja einu sinni fyrir hana kredit.

List af þessu tagi – afleidd list – hefur verið stunduð frá öröfi alda. Það var enda óhugsandi að sögur í munnlegri geymd gætu ekki af sér nýjar sögur um sömu atburði, sömu persónur í nýjum ævintýrum, nýjar útgáfur af sömu sögunum. Það er ekki nema á síðustu 60-70 árum sem þessi svonefnda vernd hefur mátt sín nokkurs gagnvart málfrelsinu – bæði því málfrelsi sem kom af sjálfu sér þegar enginn bannaði þér að tala og hinu sem bundið var í lög.

Bróðurparturinn af verkum Andy Warhols væri óhugsandi í dag. Bíómyndir á borð við fyrstu mynd Woody Allens, *What's Up, Tiger Lily* – þar sem hann skrifaði nýtt handrit fyrir og endurdöbbaði japanskar njósnamyndir – væru óhugsandi nema (og þá einungis hugsanlega, einungis fyrir náð og miskunn rétthafa) sem ókrediterað, ókeypis grín á internetinu (og sagan segir að Woody Allen hafi notað gróðann sem fékkst fyrir *What's Up, Tiger Lily* til þess að fjármagna næstu verkefni – kannski væri Annie Hall ekki til, kannski væri Woody Allen ekki til ... )

Margt af því sem kannski væri leyfilegt hefur aldrei orðið til, aldrei komist af hugmyndastiginu, einfaldlega vegna þess að fólk er hrætt við þá skefjalitlu agressjón sem samtök rétthafa og dreifingaraðilar hugverka sýna í fjölmiðlum og víðar – þegar menn eru sífellt að sýna á sér tennurnar með því að skella milljónasektum á tölvunörd, er ekki furðulegt að almenningi finnist sér ógnað.

Það verður að treysta í sessi rétt fólks til þess að bregðast við heiminum í kringum sig. Höfundarréttur verður líka að ná til réttar höfundar til þess að skapa úr því sem heimurinn – og aðrir listamenn – hafa fært honum. Þegar Holden Caulfield hefur verið sleppt lausum tilheyrir hann ekki lengur skapara sínum heldur heiminum.

## Geisladiskagjald er þjófnaður

Á Íslandi er lagt sérstakt gjald á tóma geisladiska til að bæta tónlistarmönnum upp þær tekjur sem þeir missa af vegna ólögleggrar afritunar. Í sjálfu sér er hugmyndin ágæt – ný tækni verður til og kostar menn tekjur og þá er séð til þess að brauðmolar hrynji af borðum neytenda til listamanna.

En þetta gengur auðvitað út frá þeirri forsendu að tónlistarmenn þéni minna í afritunarheiminum en utan hans – sem er einfaldlega ekki satt, og jafnvel þótt maður taki „tóbaksrannsóknir“ útgáfubransans með í reikninginn, er meintur tekjumissir að minnsta kosti langt í frá nógu óumdeildur til þess að setja megi á fót nýjan skattstofn til að mæta honum.

Nú skal ég ekki heldur neita því að geisladiskar séu notaðir til þess að afrita tónlist. En við skulum ekki gleyma því að það er alls ekki ólöglegt að gera afrit til einkanota – og langflestir brenndir geisladiskar eru sjálfsagt til einkanota, sérstaklega eftir að fólk tók að kaupa meiri og meiri músík í stafrænu formi. Sá sem kaupir „The Real Slim Shady“ á MP3 má einfaldlega brenna lagið á disk til að hafa í bílnum, taka með sér í sumarbústaðinn eða partí hjá vini sínum.

Engir kaupa síðan jafn mikið af tómum geisladiskum og sjálfstæðir indí tónlistarmenn í grasrótinni – þeir sem taka upp eigin músík heima hjá sér eða úti í bílskúr, brenna hana í tölvunum sínum og selja hana eða gefa. Þeir greiða 35 krónur fyrir hvern geisladisk sem þeir kaupa og peningarnir renna til STEF – og þar sem grasrótin er í sjálfu sér ólíkleg til þess að komast í spilun, fá þeir sennilega ekkert til baka.

Þess í stað er peningunum skipt á milli Bubba Morthens og Bó Hall. Sem allir sjá auðvitað undireins að er mjög sanngjarnt.



# Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu III

Sá sem heldur því fram að listaverk Eggerts Péturssonar, *Flora Islandica*, hafi beðið meiri skaða af því að ein bók af fimm hundruð prentuðum skuli hafa verið fyllt mat og kölluð nýju nafni, en að bókin hefði til dæmis verið sögð „fullkomlega ömurleg birtingarmynd flottræfilsháttar og blætisgerðrar náttúru og myndlistar“ í dagblaði (sem má (ennþá), guðsélof) hefur villst eitthvað í rangölum eigin réttlætiskenndar (nema hann vilji hreinlega banna fólki að sýna dónaskap/subbuskap).

Ein bók var skemmd og presenteruð sem nýtt listaverk, byggt á eldra verki. Sjálft höfundarverk Eggerts Péturssonar er óhreyft á eftir; líkt og Mona Lisa er ekki önnur mynd þar sem hún hangir á Louvre, þótt Duchamp hafi málað yfirvaraskegg á eina eftirmynd.

Manni getur þótt óþægilegt – og jafnvel hreinlega sviðið það inn í hjartarætur – að snúið sé út úr fyrir manni. En það þýðir ekki að maður eigi skilyrðislausan rétt til þess að allir útúrsnúningar á hugsunum manns, orðum eða sköpunarverkum séu gerðir ólöglegir. Ekki einu sinni þótt maður sé „listamaður“.

## Hjólbarðar eru þjófnaður

Afritunarvörnin er víðtækari en svo að hún banni fólki einfaldlega að afrita höfundarvarin skjöl. Hún getur stjórnað því hvar og hvernig varan (tónlistin, bíómyndin, bókin) er notuð, hversu oft, hversu lengi, í hvaða landi, á hvaða hraða, hvort hægt er að prenta hana, skoða kóðann á bakvið hana (kíkja undir húddið), hvenær hana má opna í fyrsta sinn og með hvaða tækjum og hvenær hún á að þurrkast út og hverfa.

Höfundarréttarákvæði hafa aldrei teygst sig svona langt. Fólki hefur hingað til verið óheimilt að framleiða sína eigin Goodyear-hjólbarða – en því hefur ekki verið bannað að gróðursetja blóm í hjólbarðanum sínum, breyta honum í rólu eða velta honum á undan sér. Fólki er ekki óheimilt að krotta skegg á fólkið á dagblaðaljósmyndunum – og það er ekki líklegt að því verði það óheimilt í framtíðinni. En ef fer sem horfir verður einfaldlega ekki boðið upp á möguleikann. Rec-takkinn hverfur, copy-paste verður aftengt og skjalið hættir að virka ef þú fiktar eitthvað í því. Hjólbarðinn býður einfaldleag ekki lengur upp á að þú breytir honum í rólu.

## SDMI er þjófnáður

Fyrir rúmum áratug stóð til að framleiða (halló, kapítalistar!) eins konar rafrænt vatnsmerki í öll tónlistarskjöl, undir heitinu SDMI (Secure Digital Music Initiative). SDMI átti að framkvæma í tveimur skrefum:

Í fyrsta skrefinu yrði kynntur svokallaður „opinn standard“ – vatnsmerki sem gerði í raun ekkert nema merkja skjölin. Nýjum tækjum yrði gert að kunna að lesa vatnsmerkin (sem gætu t.d. gefið aðgang að alls kyns upplýsingum um verkið) en þau myndu ekki í sjálfu sér banna neina hegðun – ekki útiloka afritun eða aðra skylda notkun.

Í næsta skrefi – þegar neytendur væru búnir að gleypa við staðlinum, búnir að kaupa steriógræjurnar – áttu tækin að uppfæra sig sjálfkrafa. Þá myndu þau ekki bara hafna afritun heldur þekkja aftur höfundarréttarvarða músík og neita að spila hana ef vatnsmerkið væri skaddað eða horfið.

Þetta átak hvarf að lokum ofan í svarthol ólíkra og mótsagnarkenndra hagsmuna ólíkra fyrirtækja – enda hefði þurft samstillt átak óteljandi tækjaframleiðenda, rétthafa og dreifingaraðila til þess að þetta gengi upp. Þar að auki birtist Napster fljótlega eftir að fyrstu tækin með SDMI birtust á markaði og gerði hálfvegis út af við þessi plön.

En áður en allt fór til andskotans náðu þeir þó að hanna standard – afritunarvörn og vatnsmerki sem áttu að heita óbrjótandi. Og raunar ekki bara einn standard, ekki tvo, heldur sex. Til þess að kynna afrekið buðu samtökin sex lög á netinu með sex ólíkum standörðum og mönuðu hakkara

til þess að brjóta upp afritunarvörnina án þess að skemma vatnsmerkið eða slæva gæði tónlistarinnar. Þeir sem tóku þátt áttu að senda inn hakkað skjal ásamt upplýsingum um hvernig skjalið var hakkað og áttu þess kost að vinna 10.000 dali fyrir ómakið.

Flestir hakkarar brugðust ókvæða við – *The Electronic Frontiers Foundation* bað fólk vinsamlegast að vinna ekki vinnuna fyrir stórfyrirtækin og fór fram á bojkott á keppnina.

Á endanum bárust um 450 lausnir. Samtökin þögðu framan af um úrslitin þrátt fyrir fullyrðingar þess efnis að allir standardarnir hefðu verið leystir. Á endanum birtist þó yfirlýsing þar sem samtökin viðurkenndu að tveir af sex standörðum hefðu reynst ótraustir en fjórir hefðu haldið, þ.e. gæði tónlistarinnar hefðu verið minni fyrir lausn en eftir.

Edward Felten, tölvunarfræðiprófessor við Princeton-háskóla (sjá: „menntaelítan“), þóttist hins vegar hafa leyst alla sex – í samvinnu við nemendur sína, en þau höfðu notað músíkina sem skólaverkefni (svei, lötu kennarar sem nenna ekki að búa til síns eigins verkefni). Honum barst undireins bréf frá lögfræðingi sem innihélt alls kyns hótanir það sem gæti gerst ef hann birti niðurstöður sínar (þeir sem tóku þátt í sjálfri keppninni voru auðvitað bundnir trúnaði). Allt var þetta réttlætt með lögum sem nefnast *The Digital Millenium Copyright Act* og mynda grunninn að þeim afritunarvörnum sem við þekkjum í dag – þar sem fólki

er ekki bara bannað að afrita varin skjöl, heldur bannað að aðstoða aðra við að afrita (eða „opna húddið á“) skjöl með upplýsingum, tækjum eða tólum.

Edward Felten fékk á endanum að birta niðurstöður sínar og SDMI varð, einsog áður segir, að engu – og meira að segja iTunes er smám saman að snúa sér frá afritunarvarinni músík að opnari formöttum.

## Darfurnica er þjófnadur

Listaverkið „Darfurnica“ eftir Nadiu Plesner sýnir meðal annars nakið, svart, hungrað barn með Louis Vuitton tösku og smáhund – en auk þess eru á myndinni bæði Paris Hilton og Britney Spears (að raka af sér hárið), Barack Obama, Palestínski fáninn, Ameríski fáninn, Facebook-lógóið, Paramount-merkið og margt fleira forvitnilegt. Darfurnica er byggð á verkinu Guernica eftir Pablo Picasso og er í sömu hlutföllum.

Nadia Plesner lét einnig prenta mynd af umræddu barni á stuttermaboli sem voru seldir til stuðnings lækniþjónustu í Darfur – þar sem um helmingur íbúanna býr í flóttamannabúðum við skelfilegar aðstæður.

Louis Vuitton fyrirtækið kærði Nadiu Plesner fyrir höfundaréttarbrot. Samkvæmt úrskurði dómstóla þarf Nadia Plesner að greiða 5.000 evrur í dagsektir á meðan hún sýnir verkið í galleríinu eða á heimasíðu sinni. Þegar þessi orð eru rituð (27. apríl, 2011) stendur sektin í um 450.000 evrum.

# Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu IV

Því hefur verið haldið fram að myndlistarverkið *Fallegasta bók í heimi* sé „skólabókardæmi“ um brot á sæmdarrétti. Hvort sem um brot er að ræða eður ei (og ég hallast (því miður) að því að um brot sé að ræða, samkvæmt núgildandi lögum; þótt ég sé augljóslega allur af vilja gerður til að túlka þetta á hinn veginn (en ég er nota bene ekki lögmenntaður)) þá er alveg ljóst að hér er einmitt ekki um „skólabókardæmi“ að ræða. Fletti maður upp í bókum eða ritgerðum (t.d. „Framsál á sæmdarrétti“ eftir Teit Skúlason; *Copyright's Paradox* eftir Neil Weinstock Netanel, *The Future of Ideas* eftir Lawrence Lessig eða „Litterära fortsättningsverk; en studie i upphovsrätt“ eftir Önnu Ákesson) rekst maður hins vegar á skólabókardæmi.

Hér eru til dæmis þrjú:

Bandarísk sjónvarpsstöð tók níutíu mínútna sjónvarpsþætti Monty Python til sýninga, en stytta þá niður í 66 mínútur til þess að þeir pössuðu betur að dagskránni. Bandarískur réttur komst að þeirri niðurstöðu að sjónvarpsstöðinni væri óheimilt að kynna þættina sem þessa tilteknu Monty Python þætti; enda væru þeir styttir og breyttir.

Ted Turner keypti réttinn að svarthvítri bíómynd Johns Huston *The Asphalt Jungle* og litaði hana. Þetta mátti hann í Bandaríkjunum en var hins vegar sakfelldur fyrir frönskum rétti þegar myndin var tekin þar til sýninga.

Fyrirtækið Plötur ehf. seldi tónlist eftir hljómsveitina múm í Sony-auglýsingu að þeim forspurðum. Sala lagsins þótti brot á sæmdarrétti en plötufyrirtækið var sýknað á þeirri forsendu að „röngum vanefndaúrræðum hefði verið beitt“ (sem ég held að þýði: „auðvaldið hefur alltaf rétt fyrir sér, líka þegar það hefur rangt fyrir sér“).

Í svo gott sem öllum „skólabókardæmum“ sem ég hef fundið er um að ræða framsetningu á höfundarverki (á ósæmilegan máta) sem áfram er kynnt sem höfundarverk upprunalegs höfundar, en einmitt ekki sem nýtt verk. Þetta hlýtur að hafa eitthvað að gera með þann vilja sem að baki lögunum stendur; þá hugsun sem í þau var lögð, þegar skrifað var: „Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.“

Það er vonandi túlkunaratriði hvort þessum lögum (sem eru meira og minna eins á öllum norðurlöndunum) er ætlað að standa gegn konseptlistaverkum sem yfirtaka eða innlima önnur verk.



## Fræðirit eru þjófnáður

Síðasta sumar keypti ég rafbók á 120 dollara. Frá því að það gerðist hef ég ítrekað velt því fyrir mér hvers vegna í ósköpunum ég lét það eftir mér. Þetta eru einhvers konar tilraunir til svars.

a) Ég er haldinn kaupæði. Fæ endorfinkikk þegar ég eyði peningum. Sérstaklega ef ég eyði um efni fram.

b) Verðið var ekki greinilegt á síðunni þar sem ég keypti bókina. Ég hefði getað afpantað, en ég gerði það ekki.

c) Ég þurfti á bókinni að halda. Þetta er sagnfræðirit sem fjallar um tímabil í sögu Litháens sem er kjarninn í skáldsögu sem ég er að skrifa (það skrifar enginn um Ísland lengur, Ísland er passé).

d) Vegna þess að þetta er bók sem hefur með vinnuna mína að gera get ég talið hana fram til skatts. Sem þýðir ekki beinlínis að ég spari peninga, heldur að íslenskir skattgreiðendur splæsi.

e) Verðlagning fræðirita er „einfaldlega svona“. Það eru fyrst og fremst bókasöfn sem kaupa þessar bækur og bókasöfnin kaupa þær hvort sem þær kosta 300 eða 3 dollara. Þeim er alveg sama (bókasöfnin eru ekki með tilfinningar, einsog þjóðir eru ekki með vilja (sem er náttúrulega búllsjitt)). Aftur eru það skattgreiðendur sem splæsa. En er eðlilegt að verðlagning fræðirita á rafbókaformi lúti sömu lögmálum og verðlagning innbundinna fræðirita? Og er yfir höfuð eðlilegt að okra á bókasöfnum – við borgum líka bækurnar á bókasöfnunum, þótt við verðum ekki jafn vör við það.

## Tíminn er þjófnaður

Ég hef fyrir satt að þegar nýtt lag var gefið út á iTunes (í læstu formatti) hafi liðið að meðaltali 180 sekúndur þar til að MP3 útgáfan var komin á Torrent.\* Innan við klukkutíma eftir heimsfrumsýningu á helstu sjónvarpsþáttum er hægt að hlaða þeim niður af netinu (og það tekur yfirleitt ekki nema fáeinar mínútur). Þetta á ekki bara við um ameríska, vinsæla þætti, heldur líka skemmtiefni úr sænska ríkissjónvarpinu (en á heimasíðu SVT er hægt að horfa á þættina ókeypis, svo það er óþarfi, en það er samt hægt). Það tekur íslenska sjónvarpsþætti um hálfan sólarhring að birtast. Topps.

Það verður ekki erfiðara sem neinu nemur að nálgast afrit af listaverkum þótt afritunarvörnin verði dýrari og höfu ndarréttarlögfræðingarnir fleiri. Netið verður ekki flóknara á næstunni, það verður ekki erfiðara að deila skjölum eftir tíu ár en það er í dag.

Afleiðingarnar af afritunarvarnastríðinu verða þær einar að tækin okkar mega þola sífellt meiri hamlanir og hinn löglegi markaður með listaverk á netinu verður þrengri og heimskulegri – þú kaupir ekki tónlist heldur aðgang að tónlist, ekki bækur heldur leyfi til að lesa bækur, kaupir ekki bíómynd heldur bíómynd-í-evrópu o.s.frv.

\* Þetta eru nokkurra ára gamlar tölur. Frá árinu 2009 bjóða iTunes upp á iTunes Plus þar sem hægt er að nálgast óafritunarvarða músík. Ég reikna ekki með að þessi sekúnduföldi hafi breyst mikið.

## Ristavélin er þjófnður

Hönnuðurinn Thomas Thwaites ákvað fyrir nokkrum misserum að búa til ristavél frá grunni. Hann byrjaði á því að kaupa sér ódýra ristavél og taka hana í sundur – hún reyndist innihalda um 400 hundruð ólíka hluti úr hundruð ólíkum efnum. Hann ákvað að gera eins einfalda útgáfu af vélinni og honum var fært og síðan hófst hann handa. Fyrst þurfti hann að búa sér til stál. Síðan kopar og loks plast. Að fáeinum mánuðum liðnum hafði hann eignast nýja ristavél. Hann stakk henni í samband og hún ristaði alls í um fimm sekúndur áður en hún var ónýt.

Samt svindlaði Thomas Thwaites. Hann notaði Wikipediu og bókasöfn til að lesa sér til, spurði sérfræðinga og gróf meira að segja plastið upp úr landfyllingu (eftir að BP olíufyrirtækið hafði neitað að hleypa honum upp á olíuborþallinn sinn til að ná í nokkra lítra til að búa sér til plast). Hann notaði lestir til þess að komast í námurnar – og það var búið að grafa námurnar, finna málmana, þegar hann kom á svæðið.

Við stöndum ekki í tómi. Innan í hverri hugmynd eru hundruð þúsunda annarra hugmynda. Samtíminn er afleiðing alls sem hefur gerst áður, alls sem hefur verið hugsað, framleitt og fundið upp. Það er ábyrgðarhlutur að vilja loka aðgangi að afrekum fortíðar, þótt það sé „ekki nema“ í 70 ár eftir andlát höfundar.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu V

Ekki er hins vegar þar með sagt að það „megi“ gera nýtt verk úr gömlu verki, samkvæmt bókstafsskilningi – að ég megi rímixa Stein Steinarr að vild, Jón Örn Loðmfjörð og Arngrímur Vídalín megi rímixa Sjón að vild, eða sýningarstjóraþríeykið í *Koddu* megi rímixa Eggert Pétursson að vild – það má einmitt (líklega) ekki.

En listamenn, sem vita að hugmyndir spretta ekki úr tóminu (til dæmis listamenn sem gera eftirmyndir af blómum), að þær fæðast ekki í hugum undirlögðum snilligáfu heldur eru sóttar í heiminn („góðir listamenn fá lánað, stórkostlegir listamenn *stela*“ sagði Picasso, sem stal meðal annars öllu steini léttara úr afrískri alþýðulist; „Óþroskuð skáld herma eftir, þroskuð skáld *stela*“ sagði TS Eliot sem hirti úr vestrænum bókmenntum einsog róttæklingur úr ruslafötu; „Góð tónskáld herma ekki eftir, þau *stela*“ sagði Igor Stravinskí, sem fór um píanókonserta Tjaikovskís einsog þjófur að nóttu), *altso* listamenn sem vita að allar hugmyndir eru (í besta falli nýjar) útgáfur af öðrum hugmyndum kæra yfirleitt ekki kollega sína, jafnvel þótt að þeir móðgist eða þeim misþjóði, heldur láta jafnan lögfræðingum dánarbúa eftir slíka ósvinnu (en lögfræðingar hafa að öðru óbreyttu talsvert minni skilning á plúralískri tilkomu allra sköpunarverka; og eru oftast ólíkt hörundsárari fyrir hönd listamannanna en listamennirnir sjálfir). Listin þrífst nefnilega og blómstrar í skjóli hömlu- og leyfislaus þjófnadar; og það hefur hún gert frá því löngu áður en við fundum upp á hugmyndinni um „höfund“ – hvað þá „höfundarétt“.

## Áskrift er þjófnáður

Ein þeirra leiða sem farin hefur verið til þess að selja listaverk á netinu er að selja aðgang í áskrift. Maður kaupir sig þá inn fyrir múrinn og fær að sanka að sér draslinu innandyrna. Napster 2 – gelt og lítt vinsælt afkvæmi Napsters hins ódæla – virkaði fyrst svona. Þú keyptir þér áskrift og hlóðst niður allri þeirri tónlist sem var í boði. En ólíkt til dæmis tímaritaáskrift hélstu ekki eftir því sem þú hafðir sankað að þér nema þú heldir áfram að borga. Ef þú sagðir upp áskriftinni hætti tónlistin sem þú hafðir halað niður að spilast. Ef fyrirtækið fór á hausinn hætti tónlistin að virka. Ef Bandaríkin settu viðskiptabann á landið þitt hætti tónlistin að virka. Ef gjaldmiðillinn þinn varð skyndilega verðlaus glataðirðu ekki bara kaupmættinum heldur öllu tónlistarsafninu þínu.

Í dag virkar Napster 2 einsog Spotify Premium – þú borgar ákveðna upphæð og opnar fyrir tónlistarstrauminn. Sem er dálítið einsog að vera áskrifandi að tónlistarsafninu sínu, og breytir ekki miklu um þá reynd sem ég lýsi hér að ofan – tónlistarsafnið manns er þá einungis til fyrir velvild, farsæld og samvinnu ríkisstjórna, tækjaframleiðenda, dreifingaraðila, forritaframleiðenda og internetfyrirtækja, já og reyndar listamanna líka. Ef Eminem fer í fylu hverfa allir Eminem geisladiskarnir manns. Nema auðvitað að maður hafi haft vita á að vera búinn að stela músíkinni (já, eða kaupa hana – en hver hefur efni á nýjum geisladiskum, sem hefur þegar eytt öllu tónlistarbödjettinu í áskrift að Napster eða Spotify? Við skítum ekki peningum).

## Röskun valdahlutfalla er þjófnaður

Stærsti kostur ólöglegs niðurhals á netinu (sem er ekki það sama og þjófnaður, nota bene, því enginn er sviptur eign sinni heldur einungis afnotagjaldi – hér er einungis talað um þjófnað í hálfkæringi, fíflalátum; þjófnaður, það er að stela bíl, ræna banka, týna ellilífeyri annarra) *altso stærsti kostur þjófnaðar* er að framleiðendur og dreifingaraðilar geta ekki sett upp óraunhæfar kröfur – lesandinn, hlustandinn, áhorfandinn á það nefnilega einungis við sína eigin samvisku hvort hann greiðir fyrir efnið, það er ekki annað hægt en að innræta honum siðferðisboðskap og sá siðferðisboðskapur fellur flatur ef honum finnst framleiðandinn vera að fara illa með sig. Valdahlutföllin eru einfaldlega ekki söm og það þýðir ekkert fyrir framleiðendur að malda í móinn.

Það hefur enginn efni á að okra lengur. Ef það þýðir að þú verðir að hafa færri lögfræðinga í vinnu, þá verður bara að hafa það. Ef skáldsagan *Freedom* er dýrari sem textaskjal en í kilju eða harðkápu, þá hefur útgefandinn þegar rofið sáttmálann – sá sem ekki kemur fram af sanngirni getur ekki búist við því að aðrir komi fram við hann af sanngirni. Ég get stolið *Freedom* af netinu; það er ekkert sem þú getur gert til þess að koma í veg fyrir það, nema þú viljir breyta samfélaginu í fasíska martröð (og ekki einu sinni tekjurnar af *Freedom* eru þess virði).

Ef verðið er sanngjarnt borgum við. Ef það er það ekki, þá borgum við ekki.

## Höfundarlaun eru þjófnáður

Sá sem gefur út rafbók hjá Smashwords fær 85% í höfundarlaun.

Sá sem gefur út rafbók hjá Amazon fær 70% í höfundarlaun.\*

Sá sem gefur út rafbók hjá stærra („alvöru“) forlagi fær á bilinu 15-25% í höfundarlaun.

Munurinn er auðvitað fólgin í því að forlagið er raunverulegur útgefandi – auglýsir bókina, prófarkales hana, gerir kápu og ef maður sýnir því tilhlýðilega virðingu prentar það hana meira að segja kannski. Amazon og Smashwords eru MySpace bókaútgáfunnar.

En það breytir því ekki að allir eru snuða.

Amazon og Smashwords ættu ekki að fá neitt umfram aukna umferð – frekar en Facebook eða MySpace – og það er út í hött að forlögin greiði sömu höfundarlaun fyrir rafbók og pappírskostnaði (og haldi þar með eftir því sem sparast í pappírskostnaði, dreifingarkostnaði o.s.frv.).

Verst að við skulum ekki tilheyra verkalýðsfélagi, heldur hálfgerðum saumaklúbbi. Það er nú meira ruglið.

\* Meira um höfundalaun Amazon síðar (spoiler: þetta er dálítið feik!).

# Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu VI

En tjáningarfrelsi hvers? spurði frægur rithöfundur á dögnum. Tjáningarfrelsi vandalans?

Já, svara ég (núna, ekki þá; þá var ég of þreyttur til að rífast í fólki sem virtist hvort eð er ekki hlusta). Það er nefnilega ágætt að fara sér hægt í að takmarka tjáningarfrelsi vandalans – ekki bara vegna þess að skemmdarverk hans eru oft að miklu leyti í auga sjáandans, heldur vegna þess að stundum er vandalinn enginn annar en Messías í musterinu (eða Saving Iceland liðinn sem er búinn að hlekkja sig við stórvinnuvél í heiðarlegri tilraun til þess að koma í veg fyrir a) óafturkræf náttúruspjöll og b) kapitalíska offjárfestingu sem getur ekki leitt til annars en efnahagshruns) og þá er ágætt að honum sé leyft að tala (og við gætum þá jafnvel íhugað að leggja við eyra, jafnvel þótt okkur ofbjóði orðbragðið í blessuðum öreigunum).

Ég segi þetta líka bara einu sinni:

Tjáningarfrelsið er ekki bara fyrir þá sem við erum sammála. Það er ekki heldur bara fyrir þá sem okkur þykja smekklegir og sanngjarnir, hina nærgætnu og kurteisu. Ef svo væri, væri óþarfi að binda það í lög. Við myndum vita að um löglega tjáningu væri að ræða ef enginn móðgaðist. Það skiptir ekki heldur neinu máli hversu ómerkilegur eða lítilsgildur manni finnst dónaskapurinn – hann á ekki að njóta minni verndar tjáningarfrelsisins fyrir þær sakir.



# Amazon er þjófnáður

Ég setti ritgerð eftir sjálfan mig til sölu á Amazon til þess að prófa kerfið – ritgerðin „Literature in the land of the inherently cute“ birtist í Reykjavík Grapevine og fjallar um birtingarmyndir hrunsins, kreppunnar og búshaldabyltingarinnar í íslenskum bókmenntum.

Hér eru nokkrar athugasemdir:

1) Það er ekki hægt að gefa út bækur á íslensku. Bara á ensku og 8-9 tungumálum til viðbótar. Sem er í sjálfu sér óskiljanlegt – tækið les bæði ð og þ og ý og verslunin virkar í (öllum? að minnsta kosti svo gott sem öllum) löndum heims.

2) Amazon auglýsir 70% höfundarlaun. Þetta á bara við um höfunda í Bandaríkjunum og Kanada og bara við um bækur sem seljast í Bandaríkjunum og Kanada. Annars eru það 35%. Ég setti ritgerðina mína á 10 dollara og myndi sem sagt fá 3,5 dollara fyrir hvert selt eintak – en Amazon myndi halda eftir 6,5 dollurum. Sem er vægast sagt ósanngjarnt fyrir svo gott sem enga þjónustu.

3) Það tók tvo heila daga að koma raðbókinni í sölu. Tvo heila daga. Á 21. öldinni. Það er absúrd. Það tekur tíu mínútur að birta stuttmynd á Youtube.

4) Þegar til kastanna kom kostaði bókin, sem ég hafði sett á 10 dollara 13 dollara og 80 sent – búið að smyrja skatti ofan á. Sem dregur höfundalaun fyrir bókina niður í 25% af útsöluverði – það sama og maður fær

hjá forlagi sem auglýsir bókina, prentar hana, dreifir henni með vörubílum í búðir og pósti til gagnrýnenda og fjölmiðla, sinnir réttindasölu o.s.frv.

5) Mér var ekki boðið að kaupa mig inn í meðmæla-algóritmann – enda skilst mér að maður fái slíkt boð fyrst þegar einhver hefur keypt bókina (ég fjarlægði hana úr sölu áður en nokkur gat keypt hana).

6) Samkvæmt skilmálum Amazon áskilja þeir sér rétt til þess að lækka verðið ef þeir finna hana til sölu á lægra verði eða ókeypis annars staðar. Ritgerðasöfn nútildags samanstanda oft af textum sem hafa birst annars staðar og eru ýmist aðgengilegir ókeypis eða fyrir lítið fé á heimasíðum tímarita, vefrita og höfunda. Ég veit ekki hvaða afleiðingar það getur haft – ritgerðin sem ég setti í bókina er aðgengileg á vef Reykjavík Grapevine, en það var ekki að sjá að Amazon tæki eftir því (a.m.k. ekki strax).

## 1984 er þjófnáður

Árið 2009 var bókinni *1984* eftir George Orwell eytt af Kindle. Í ljós hafði komið að sá sem bauð upp á bókina, rafforlagið MobileReference, hafði ekki rétt til að gefa hana út í rafbókarformi og voru öll eintök innkölluð hið snarasta og þau endurgreidd. Hið sama gilti um hina dystópíu Orwells, *Animal Farm*. Bækurnar gufudu upp af tækjum eigenda sinna og glósumnar sem þeir höfðu gert í spássíur rafbókanna voru vistaðar sem textaskjöl – en lítt nothæfar, að sjálfsögðu, frístandandi og án samhengis við bækurnar. Einhverjum þótti þetta víst heldur kaldhæðnislegt í ljósi þess að í *1984* er öllum blaðgreinum sem varpa slæmu ljósi á Stóra bróður varpað ofan í óminnisginnungagap, brennslustöð fyrir óæskilegan litteratúr.

Amazon-fyrirtækið virðist hafa nokkuð ótakmarkaðan aðgang að seldum Kindle-vélum og innihaldi þeirra. Bækur sem keyptar eru á Amazon eru enda ekki „keyptar“ heldur fá notendur einungis rétt til að lesa þær. Það þýðir meðal annars að öll endursala á verkinu er óheimil. Maður getur ekki farið með e-bókina sína í fornbókaverslunina til Braga og selt hana, né heldur getur maður skilið hana eftir á farfuglaheimili eða látið hana ganga á bookcrossing. Maður fer ekki með hana á skiptibókamarkað eða gefur hana til skóla í þriðja heiminum, öðrum heiminum eða fyrsta heiminum. Vegna þess að maður „á“ hana strangt til tekið ekki. Maður hefur einungis keypt „leyfi“ til að lesa hana, samkvæmt skilmálum Amazon. Annars staðar en í skilmálum – t.d. í auglýsingum og fréttatilkynningum – er þó talað um „bókakaup“.

Í einræðisríkjum nú og fyrr hafa stjórnvöld haft fyrir vana að vilja ráða því hvað alþýða manna les. Upplýsingar eru enda máttur og ríkið vill hafa stjórn á mætti manna. Skemmst er að minnast nýrofins samstarfs kínverskra yfirvalda og Google-samsteypunnar, sem hjálpaði yfirvöldum í Kína að fela slóðir Falun Gong og atburðanna á Torgi hins himneska friðar fyrir kínverskum tölvunotendum. Neðanjarðarhreyfingar í Austur-Evrópu smygluðu inn miklu magni af ólöglegum bókmenntum – ekki bara játningabókum brottflúinna og hættulegri heimspeki, heldur einnig fagurbókmenntum. Þegar Allen Ginsberg var krýndur maíkonungur í Prag á sínum tíma voru bækur hans ólöglegar í Tékkóslóvakíu. En þær voru alls staðar fáanlegar þeim sem þekktu mann sem þekkti mann. Þá má einnig nefna áhyggjur ekki minni manna en nóbelsverðlaunahafans JM Coetzee á áströlskum lögum sem banna mönnum að tala um hryðjuverk á jákvæðum nótum – af slíkri ritskoðun er aðkallandi hætta.

Með tilkomu Kindle þurfa yfirvöld ekki að hafa áhyggjur af því að þegnarnir lesi ólöglegar bækur. Amazon leyfir ekki ólöglegar bækur og fjarlægir þær einfaldlega ef svo illa vill til að þær lendi á Kindle-vélum sakleysingjanna. Og þá verðum við að treysta því að lögin séu (undantekningalaust) með okkur í liði.

Raunar er þetta ofureinföldun. Það er auðvitað ekkert sem segir að harðspjaldabókin eða kiljan gufi upp þó til komi nýtt format – að minnsta kosti ekki á fáeinum augnablikum. Ég veit reyndar ekkert hvað varð um allar

segulbandsspólurnar mínar og átti þó mikið safn á tíunda áratugnum (í bílinn minn, heitinn) og hef ekki séð beta-myndbandsspólu í ríflega tvo áratugi. Hef ekki einu sinni séð VHS-spólu í nokkur misseri. En hvað um það. Það verður án nokkurs vafa hægt að dreifa pappír með bókstöfum í áratugi og aldir – sem breytir því ekki að Kindle-lesendur geta ekki endilega búist við því að fá að lesa hvað sem er.

Amazon baðst afsökunar á því að hafa eytt bókunum af Kindle-vélum viðskiptavina sinna og sagðist hafa breytt reglunum svo þetta gæti ekki gerst aftur. Samkvæmt nýju reglunum eyðir Amazon ekki bókum af Kindle nema eitthvað af eftirfarandi eigi við:

a) Notandinn samþykki eyðingu bókar eða breytingu á henni (já, Amazon getur líka breytt bókunum sem þú kaupir – lagfært dagsetningar í sögubókum og eytt orðrómum um Stóra bróður)

b) Notandinn fari fram á endurgreiðslu eða greiði ekki fyrir verkið (t.d. ef kreditkort klikkar).

c) Dómsúrskurður eða ríkistilskipun krefjist þess að verki verði eytt eða því breytt.

d) Eyðing eða breyting verks reynist nauðsynleg til að vernda neytandann eða virkni tækis eða samskiptanets (t.d. ef skaðlegur kóði berst inn í tækið með verki).

Eitt af því sem truflar mig mest við þetta – fyrir utan allt hitt! – er að Amazon virðist, það best ég get séð, setja sér þessar reglur sjálf. Einkafyrirtækið er altso enn sem komið er eigin löggjafi, að því er varðar aðgang fyrirtækisins að rými einstaklingsins – og já, bókahillan mín er heimili mitt, mín innstu vé og ég kæri mig eiginlega ekki um að Amazon geti bara vaðið í bæinn og farið að skoða og tekið með sér mislöglegar eigur mínar á leiðinni út. Ég vil að það séu lög – ekki vinnureglur hjá fyrirtæki – að mitt privat sé mitt privat.

## **Finnlandssænskt Dada er þjófnaður**

Í bókaskápnnum mínum er ljósrit af sjaldgæfu dada-ljóði eftir Gunnar Björling, sem fæst hvergi keypt en er kannski ólöglegt (ég veit það ekki, satt best að segja). Þar er ljósrituð og fallega umbúin útgáfa af ljóðum Æra-Tobba – sem ég fékk gefins. Þar eru klippiverk úr öðrum bókmenntaverkum, ljósmyndum og svo framvegis, sem öll lúta reglum um höfundarrétt og eru eiginlega alveg áreiðanlega ekki lögleg.

Ég vil ekki að neinn geti tekið þetta af mér – hvorki þessi verk (sem ég hefði ekki getað nálgast annars staðar) né möguleikann til þess að verða mér úti um verk með þessum (og skyldum) hætti. Í ofanálag treysti ég ekki yfirvöldum (og hvað þá einkafyrirtækjum) til þess að ákveða hvað ég má og má ekki lesa og hef ekki nema takmarkaða trú á hollustu þeirra við tjáningarfrelsið.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu VII

Sæmdarréttur á vel að merkja ekki bara við um listaverk – heldur jafnvel um blaðagreinar, nytjalist og svo gott sem alla hugsanlega (birta/framleidda) sköpun. Ef að það fæst staðfest af dómara að *Fallegasta bók í heimi* sé sannanlega brot á sæmdarrétti, hefur svigrúmið verið fært niður á núllið og það jafngildir einhvers konar stríðsyfirlýsingu við stóran hluta þeirrar tjáningar sem fólk hefur hingað til talið sig eiga rétt á að fremja:

Á Flickmylife birtist hönnun, ljósmyndir og texti, allt útkrotað og utan „réttis“ samhengis – án leyfis.

Á bloggum birtast útufrásýningar vísur og ljóð („Í banka sérhvers manns er fall hans falið“) – án leyfis.

Í skáldsögum birtast stolnar mannlýsingar, stolnar veðurlýsingar, stolnar blómálýsingar, stolin ævibrot, stolnar minningar, stolnar tilfinningar, oft orðrétt (halló, Magnús Ljósvíkingur Hjaltason Magnússon á Þróm og öll þín sæmd!) – án leyfis.

Í (nýjum og gömlum) ljóðabókum birtast útufrásýningar og afbakanir á öðrum ljóðum, fréttatextum, greinum og ræðum – án leyfis.

Á myndlistarsýningum birtast afskræmdar auglýsingamyndir; Mikki Mús, Andrés Önd og Barbídukkur í vafasömum stellingum – án leyfis.



Á YouTube birtast brot úr bíómyndum með nýjum texta („Hitler tryllist vegna sæmdarréttarbrotá“); ný klipp úr gömlum bíómyndum; lítil börn að misþyrma popplögum í höfundarétti; leikstýrð brot úr tölvuleikjum – (þið sjáið ekki eftir því að gúggla „machinima“) – án leyfis.

Á árhátíðum tekur fólk popplög og breytir textanum – „Stál og hnifur“ verður „Prjál og pífur“ – allt án þess að spyrja kóng eða prest (og já „Stál og hnifur“ nýtur höfundarréttar og já árhátíð er opinber birting).

(Svona væri hægt að halda áfram í allan dag – sá sem hefur aldrei brotið á sæmdarétti neins hefur einfaldlega ekki lifað; árið 1968 var situationismi róttækur boðskapur, í dag er hann hversdagslegur lífstíll).

## Pappír er þjófnaður

Fyrir fáeinum árum halaði Brian Kim Stefans niður útlitshönnun heimasíðunnar nytimes.com og dældi inn í mótið texta eftir Raoul Vaneigem svo úr varð verk sem er ekki svo ósvipað mbfr (mbfr.tregawott.net) eftir okkur Jón Örn Loðmfjörð – altso, ný nytimes.com heimasíða á annarri slöð með öðrum texta en eins útlítandi. *New York Times* setti lögfræðinga sína í málið og síðan var fjarlægð af netinu. Hún er ekki lengur til.

Um svipað leyti tók Kenneth Goldsmith sig til og skrifaði upp heilt tölublað af *New York Times*, frá orði til orðs, og gaf út á bókarformi. Bókin heitir *Day*. Þegar búið er að gefa út bók, prenta hana og dreifa henni, er nokkuð strit að kalla hana inn. Það er auk þess líklegra en ekki að höfundurinn (og útgefandinn) streitist á móti (vegna þess að hann eða forlagið þyrfti að bera kostnaðinn af innköllun), sem aftur kallar á réttarhöld, jafnvel umfjöllun í fjölmiðlum og svo framvegis. Hasar og læti, sem er ekki endilega rétthafanum fyrir bestu.

Skemmst er frá því að segja að Kenneth Goldsmith var alveg látinn í friði og bókin er ennþá til. Ef Goldsmith hefði dælt textanum inná heimasíðu hefði hann líklega verið stoppaður af og „bókin“ lätin hverfa.

Ef *Day* hefði komið út á Kindle frekar en á pappír er líklegra að hún hefði verið kölluð inn. Það er einfaldlega mun einfaldari prósess – auðveldara að hræða útgefandann til þess að hlýða og hann ólíklegri til að streitast á móti þegar hann „tapar“ þá ekki prentuðum eintökum. Í stað

Þess að glata fjárfestingu, sleppir hann henni einfaldlega,  
losnar jafnvel við hana.

## Fahrenheit 451 er þjófnaður

Skáldsagan *Fahrenheit 451* eftir Ray Bradbury, sem hefði átt að falla úr höfundarrétti áramótin 2009-2010 samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi þegar hún var skrifuð, gerir það ekki fyrrenn árið 2049. Þá verð ég 71 árs ef ég verð ekki dauður. Sumir lögspekingar eru farnir að tala um að höfundarréttur ríki nú *de facto* að eilífu – svo fremi sem tekjur séu í honum og hann sé reglulega endurnýjaður. Sem dæmi má nefna afmælissönginn – „Hann á afmæli í dag“ – sem rekja má til 19. aldar flökkuvísu. Söngurinn endaði í eigu Time-Warner – sem græðir á honum um 2 milljónir dollara árlega – og verður það (hið minnsta) til ársins 2030. Þótt færa megi sönnur á að lagið sé að minnsta kosti 150 ára gamalt, þá er það enn í höfundarrétti – enda hægt að hafa (miklar) tekjur af því. Lagið má ekki syngja utan heimilisins án þess að fyrir það eigi (samkvæmt lögum) að greiða stefgjald. (Og rifjum þá upp rökin í áróðri rétthafa: Þú myndir ekki stela bíl! Hvers vegna finnst þér í lagi að stela tónlist?)

Upphaflega var höfundarréttur einungis í gildi í 14 ár og eftir það þurfti að sækja um endurnýjun. Raunar þurfti líka að sækja um höfundarrétt strax í upphafi – maður valdi að vernda verk sín á þennan hátt, en nú velur maður að gera það ekki (maður sækir um að losna við höfundarrétt).

Nú er sjálfsagt að halda því til haga að Ray Bradbury er enn á lífi. Og kannski réttlætanlegt að hann ráði örlögum bókar sinnar á meðan hann er á lífi. En ef við bökkum nokkur ár aftur í tímann, aftur fyrir útgáfu *Fahrenheit 451*, rekumst við á George Orwell.

1984 kom út árið 1949 og *Animal Farm* árið 1945. Höfundarrétturinn á 1984 fellur úr gildi árið 2044 og höfundarrétturinn á *Animal Farm* árið 2040. George Orwell lést árið 1950. Sonur Orwells, Richard Horatio Blair, á réttinn á bókum hans og þénar á þeim sex stafa tölu árlega – í pundum, takk fyrir. Dánarbú Orwells er í umsjá PFD, einnar stærstu réttindaskrifstofu Bretlands, og lögfræðingarnir á þeim bænum þykja einstaklega harðir í horn að taka. Þegar höfundarrétturinn á 1984 fellur úr gildi verður Richard Horatio Blair 99 ára gamall. Og það verða liðin 94 ár frá andláti Orwells sjálfs, 95 ár frá því að bókin kom út. Það er að segja ef ekki verður enn frekar búið að teygja á höfundarréttinum þegar það loksins verður.

Ég er ekki mótfallinn því að listamenn fái greitt fyrir vinnu sína, en mér þykir undarlegt að börn listamanna eða barnabörn fái greitt fyrir vinnu foreldra sinna og forfeðra. Sá auður sem listamennirnir öngluðu saman við vinnu sína, líkt og annað verkafólk – altso, bókasöfn, hús, íbúð, bíll, jafnvel hlutabréf og guðveithvað listamenn eyða peningunum sínum í (annað en brennivín) – ætti bara að vera nógur arfur. Ónýtt lífeyrisréttindi skúringatækna gufa upp við andlát, það best ég veit. (Ég er ekki viss um að ég átti mig á því sjálfur hvernig þetta tengist, ónýtt lífeyrisréttindi og höfundarréttur, en ég leyfi setningunni samt að standa – hér er nóg pláss fyrir misviðeigandi hugsanir).

## Munaðarleysi er þjófnaður

92% allra verka sem höfundarréttur nær til eru munaðarlaus. Það er að segja, það er ekki hægt að gefa verkin út vegna þess að þau eru vernduð með höfundarréttarákvæðum, en það veit enginn hver á höfundarréttinn og því er ekki heldur hægt að semja um útgáfu. Þetta hljómar kannski undarlega. Talan hljómar kannski óhóflega há. Einhverjir segja 2/3 – í raun skiptir það ekki nokkru. Einsog það skiptir ekki máli hvort Adolf Hitler drap 5 eða 6 milljónir Gyðinga – glæpurinn verður ekki annar eða minni þótt talan breytist.

Fyrst og síðast á þetta við viðan og djúpan hafsþjó smáfiskanna, öll litlu forlögin sem fóru á hausinn og svo framvegis, litlu höfundana á stóru forlögunum sem sameinuðust, sundruðust, fóru á hausinn, sameinuðust aftur, sundruðust og þar fram eftir götunum. Áður en gögn voru tölvuvædd var erfiðara að fylgjast með eigum forlaganna, öllum samningunum, og líklega var flestum tiltölulega sama um bækur sem skiluðu tapi, litlum hagnaði eða komu út á sléttu. Óhemja af bókum hefur einfaldlega týnst. Þetta eru bækurnar sem enginn kærir sig um, glataðar gersemar – en ekki 98% af skáldsögum Stephen King.

Þessar bækur, sem enginn kærir sig um, ætti að vera hægt að gefa út ókeypis – eða fyrir sama og ekki neitt – en þær koma ekki út vegna þess ímyndaðir (frekar en raunverulegir) fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. Þegar um er að ræða raunverulega fjárhagslega hagsmuni snýst þetta síðan yfirleitt annars vegar um titlingaskít og hins vegar um fánánlegar upphæðir. Meðal þess sem að baki

liggur er spurningin um hvort að nýr útgefandi öðlist þá sjálfkrafa höfundarrétt á munaðarlausu verkinu við útgáfu – endaleysa, vitleysa, þvæla, jájá, en svona er heimurinn samt.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu VIII

Sæmdarréttur fer til dánarbús að höfundi látnum, einsog annar höfundarréttur, og endist þar í 70 ár eftir andlát höfundar (að því gefnu að höfundaréttartímabilið verði ekki lengt meira – en hingað til hefur reglan verið sirkabát sú að í hvert sinn sem Mikki Mús er við það að falla úr höfundarétti, er alþjóðalögum breytt til að vernda Disney).

Þegar minnt hefur verið á þær (dásamlegu og kanóniseruðu) afskræmingar sem finna má í listasögunni – til dæmis ameríska þjóðsönginn hans Hendrix, skeggið sem Duchamp málaði á Monu Lisu, *Gerplu* Kiljans eða álíka – hefur jafnan verið nefnt að þetta séu verk sem fallin séu úr höfundarétti. Og það er rétt (þótt það eigi alls ekki við um allar (dásamlegar og kanóniseraðar) afskræmingar listasögunnar – Warhol er ágætis dæmi, enda var hann ítrekað sakfelldur fyrir ýmis konar brot; Jeff Koons er annað, Banksy þriðja).

En ef maður leyfir sér að gera einsog margir sem verja þessa tilteknu notkun sæmdarréttarins (að ekki megi undir neinum kringumstæðum gera nýtt verk úr eldra verki án leyfis upprunalega höfundarins) og líta á þetta sem siðferðisbrot frekar en (bara) lögbrot kviknar spurningin: *So what?* Er þá sæmd Da Vinci ómerkilegri vegna þess að hann er búinn að vera dauður í meira en 70 ár? Ef gengið er út frá því sem vísu að misviðkvæm sæmd manna geti kostað annað fólk tjáningarfrelsið á meðan téðir menn eru á lífi, hversu lengi þurfa þeir að vera dauðir áður en þeim hættir að sárna?



## Eilífðin er þjófnæður

Það er enginn útgefandi að fara að leggja fram stórar upphæðir til að endurútgefa verk ljóðskáldsins Louis Zukofsky og úr (alræmdum) tilraunum sonar hans til þess að græða fé á verkum pabba síns heitið mun aldrei neitt koma nema örlítill vasapeningur, í besta falli, en í versta falli mun það koma í veg fyrir að verk Zukofskys eigi sér framhaldslíf – í versta falli mun það kosta dauðan manninn eilífðina.

Í öðru horninu er fólk (afkomendur listamanna) sem heldur að það gæti nælt sér í aukapening með því að skrifa reikninga fyrir ljóðum sem skáldinu tókst aldrei að selja á meðan það lifði (því ljóð eru gefins, þau beinlínis tortíma öllum peningum sem þau komast í tæri við). Í hinu horninu eru lögfræðingastofnanir sem raka inn milljónatugum fyrir vinsælar bækur eftir löngu látna höfunda, svo börnin þeirra geti notið kvótagróðans í sólinni á Tortola. Eða þannig. Þú veist.

Það eru ekki margir sem lifa á svæðinu þarna á milli – ekki margir höfundar sem selja sæmilega mikið af bókum í áraföld eftir andlát sitt. Hér er jafnan allt annað hvort í hæl eða hnakka, ökkla eða eyra. Það er ekki til nein miðstétt dauðra rithöfunda, til að tala um.

Einhvern tíma þótti mönnum 14 ár – og svo 28 ár – feykinógur tími fyrir höfundarrétt á bók. Ef miklir fjárhagslegir hagsmunir voru í húfi var hægt að sækja um framlengingu – en í 92% tilvika var það alls ekki gert og þær bækur runnu því beint til samfélagsins (sem nota bene heldur

uppi þónokkrum fjölda lifandi, strögglandi listamanna, í sumum löndum). Í dag heita þær samt munaðarlausar, þótt þær hafi á sínum tíma fallið úr höfundarétti.

En svo þóttu 28 ár ekki lengur ásættanlegur tími vegna þess að það var hægt að halda áfram að græða á bókunum. Fyrst varð framlengingin sjálfkrafa og loks var höfundarréttur teygður upp í allt að 95 ár eftir útgáfu. Ef einhver bjáni hefði ekki sleppt hendinni af útgáfuréttinum á Shakespeare væri líklega enn verið að díla með hann. Og áhugaleikhús hefðu ekki efni á að setja á svið Rómeó og Júlíu.

## Afskiptasemi er þjófnáður

Það er ekki víst að Amazon muni nokkurn tíma skipta sér af því hvað er inni á Kindlinum mínum. Ekki víst að Amazon muni breyta textanum, taka af mér bækur, þurrka út glósur, fótósjoppa myndirnar og fella niður kafla. Það væri ekki góður bisniss (einsog afritunarvörn er ekki góður bisniss?).

En það er hollara að vera fullur efasemda en bláeygur; hvorki hið opinbera né hið einkarekna víla í sjálfu fyrir sér að beita fasískum vinnubrögðum ef þeim þykir þess gerast þörf (halló hleranir! halló þrælaverksmiðjur! halló stríð! transfitur! fjölmiðlalög!).

Prentað mál hefur þann kost helstan umfram stafrænt að það er erfiðara að breyta því eftirá, það er erfiðara að rekja það til upprunans og það er auðveldara að fela það (ýmis þjónusta á netinu, svo sem Amazon Unbox, felur í sér rétt til þess að fylgjast með og eyða efni á tölvunni þinni.\* Prentað mál er ekki fasismahelt, en nýfæddur textaheimur rafbókanna er það enn síður.

Líkt og á Facebook en ólíkt sjálfu hinu opna neti stendur til að textaheimur rafbókarinnar verði lokaður, afmarkaður og undir eftirliti og stjórn fyrirtækja. Amazon, Barnes&Noble, iBookstore og fleiri berjast um yfirráðin – hver verður næsti korporat-einrædisherra, hver verður næsti Mark Zuckerberg, hvar verður næsta Facebook? Er það í Amazonbúðinni, á iBooks eða Barnes&Noble síðunni?

Netið er beislað með því að búa til forritaðar girðingar einsog Facebook eða tækjagirðingar einsog iPad – ef við viljum geta lesið rafbækur án þess að hafa enn einn eftirlitsaðilann á öxlinni, þurfum við að krefjast þess. Rafbækur eiga að vera á opnu, samræmdu

og ólæstu formatti; og skýr lög þarf að setja um að engin megi fylgjast með því hvað er inni á tölvunum okkar, að meðtöldum rafbókalesurum. Bókaverslanir mega ekki vera lokaðar öllum nema eigendum ákveðinna tækja og bókum má ekki læsa með afritunarvörnum eða annarri neyslustýringu.

Allt annað er óásættanlegt. Ef það þarf að tryggja aðganginn með lögum, þá þarf að gera það.

\* Sjá: [boingboing.net/2006/09/15/amazon-unbox-to-cust.html](http://boingboing.net/2006/09/15/amazon-unbox-to-cust.html)

## Borgun er þjófnaður

Ekki misskilja: Mér finnst að fólk eigi að borga fyrir bækur. Ég vildi gjarna geta fengið sæmilega greitt fyrir að skrifa bækur. En ég tel að ég eigi mikla hagsmuni í því að fólk geti skoðað bækurnar mínar án þess að kaupa þær og að þeir sem telji sig ekki hafa efni á bókunum mínum geti samt nálgast þær og lesið – ég tel að svo gott sem öll aukning á lestri skili sér að lokum í aukningu á sölu. Einnig tel ég að líta verði á bókmenntaverk öðrum augum en einfaldan varning. Bók er ekki hlutur, sérílagi ekki rafbók – og skáldsaga, ljóð, ritgerðasafn eru ekki hlutir heldur hugsun.

En mér finnst samt að þeir sem geta borgað eigi að borga. Í sjálfu sér mega þeir borga eins mikið og þeir geta hugsað sér – því þótt maðurinn lifi ekki af brauðinu einu saman, þá gæti orðið heldur vandlifað án þess, einsog finnski rithöfundurinn Tapio Koivukari benti mér einu sinni á (og það á jafnt við um lesendur og höfunda). Og rithöfundar eru ekkert ofaldir.

Ég held bara að það sé heillavænlegra að biðja fólk um að borga – frekar en að heimta það með þjósti. Fyrir alla hlutaðeigandi.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu IX

En höfundaréttur er ekki píp. Sæmdarréttur er ekki heldur neitt píp. Ég hef lagt mikið á mig til að sárna ekki um of að vera (tiltölulega statt og stöðugt) gert upp sú skoðun að ég telji listamenn eigi ekki að hafa neitt um meðferð verka sinna að segja; eða að þeir eigi hreinlega ekki að fá neitt borgað fyrir vinnu sína og verk. En einsog áður segir er það hluti af fórnarkostnaðinum við að eiga í opinskáum samskiptum við annað fólk – það er alltaf hætt við að fólk snúi út úr fyrir manni eða hreinlega misskilji mann í einlægni. Og þess vegna segi ég það aftur: Höfundaréttur er ekki píp og sæmdarréttur er ekki heldur neitt píp. Mér þykir sjálfsagt að höfundar fái greitt fyrir SÍN verk og þeir fái um meðferð SINNA verka vélað. En mér finnst ekki að þessi réttur megi kosta hvað sem er og mér finnst ekki að menn eigi að hafa sjálfðæmi um hvort brotið hafi verið á þeim.

Sögulega eru höfundaréttarlög viljandi höfð óljós um margt, enda eru mörkin milli eins listaverks og þess næsta oft óljós (og mörkin milli eins stillubeins og þess næsta oft mun óljósari en mörkin á milli *Flora Islandica* og *Fallegasta bók í heimi*, sem ég hefði haldið að væru frekar skýr (önnur þeirra er full af mat!)).

Í hvert einasta sinn sem upp kemur álitamál í höfundarétti – sérstaklega í sæmdarrétti (ef hægt er að vera meira sérstaklega en „í hvert einasta sinn“) – á að kalla til dómara til þess að skera alla úr snörunni. Með því verður til safn af fordæmum sem síðan er hægt að vísa til í hvert sinn.

Þetta segi ég ekki vegna þess að mér finnst að útkljá eigi öll mál fyrir rétti – ég er raunar almennt andsnúinn því að öll mál séu útkljáð fyrir rétti, en hér er ég ósammála sjálfum mér. Það er

nefnilega óþolandi ástand fyrir þá listamenn sem eiga að búa við þessi lög til frambúðar að nokkur vafi ríki um hvað þau þýða og „málsaðilar“ í hvert sinn séu að semja um eitt eða annað. Að baki niðurstöðu einsog þeirri að taka niður verkið *Fallegasta bók í heimi* geta nefnilega búið ótal ástæður sem hafa ekkert með réttlæti að gera – enda hefur það sýnt sig að stjórn Nýló, sem fjarlægði verkið, gerði það ekki vegna þess að þeim þætti það endilega sanngjarnt heldur vegna þess að þeim var hótað með lögfræðingum (þótt þau hafi raunar brotnað hressilega saman einsog góðum kommúnistum sæmir og tekið viljug undir með viðlaginu um eigin sök). Fólk sem er ekki vant að díla við lögfræðinga sýpur hveljur þegar þeim berast stórkarlalegar hótanir. Og svo lúffar það. En það þýðir ekki að það sé endilega réttlátt að lúffa, að málið eigi ekki einmitt heima fyrir dómstólum.

Þetta snýst líka um þetta: Þegar búið er að staðfesta þessa túlkun sæmdarréttarins er hægt að berjast gegn henni. Á meðan þetta mál er á gráu svæði – á meðan sumir fá að rímixa án leyfis óáreittir en þetta kostar aðra tjáningarfrelsið – er hægt að hafa þetta hipsúmhaps, hingað og þangað, og láta það snúast um hentisemi annars vegar og valdsmun hins vegar. Og það er óþolandi starfsumhverfi fyrir þá listamenn sem vinna með verk annarra, einsog til dæmis mig. Það er óþolandi starfsumhverfi fyrir mig.

(Og miklu, miklu, miklu, miklu fleiri).

# Höfundalög eru þjófnaður

Nú deyr höfundur

*Höfundalög - 30. grein.*



## Rafbækur eru þjófnaður

Amazon selur ekki rafbækur, heldur aðgang að rafbókum, leyfi til þess að lesa rafbækur – og áskilur sér þannig rétt til þess að skipta sér af því hvað þú gerir við rafbækurnar sem þú heldur þig hafa keypt. Meðal þess sem þú mátt ekki gera er að selja þær þriðja aðila, taka af þeim afritunarvörnina, lána þær öðrum en þínum allra nánustu eða prenta út kafla til þess að taka með þér í baðið (allir góðir bókabéusar lesa í baði, eigi þeir bað, en þeir gera það ekki með rafmagnstæki í höndunum).

Tækið er raunar svo víðáttufælið að það leyfir mér ekki einu sinni að skipta um skjámynd nema með alls kyns tilfæringum og hakki – annars sit ég uppi með myndir af einhverjum 10-12 klassískum höfundum sem Amazon finnst fallegir (og sumir þeirra eru vissulega fallegir).

## Youtube er þjófnaður

Smám saman er hert beislið á Youtube. Reglum fjölgar og hömlum líka – það er ekki hægt að horfa á þetta myndband í þessu landi, ekki hægt að sjá þetta myndband nema á þessari síðu, ekki hægt að horfa á efni af þessari sjónvarpsstöð, ekki hægt að hlusta á lög frá þessum tónlistarmanni. Beislið er gert (að sögn) til þess að ná tökum á höfundarréttarkröfum – en það þýðir ekki að því sé einungis beitt á slíkar kröfur.

Í fyrsta lagi má auðvitað ekki sýna nein brjóst á Youtube (bömmur!)

Í öðru lagi má orðið svo gott sem ekkert blóta (myndbönd sem innihalda blótsyrði hrapa í forgangi hjá leitar-algóritmanum og birtast síður – meiri bömmur!); og sams konar reglur gilda um allar kynferðislegar vísanir (passa blóðþrýstinginn!).

Í þriðja lagi er svo Hitlerstelpan. Hitlerstelpan er fáklædd stúlka sem þylur upp skemmtilegar staðreyndir um þýska einræðisherrann Adolf Hitler (sem var bara með eitt eista, fékk ekki aðgöngu að listaskóla, var ástfanginn af frænku sinni o.s.frv.). Hitlerstelpan er í sjálfu sér ekkert spes, nema sem stutt spaug, fyndin fyrstu tvær mínúturnar og ekkert meir. Og hún er svo sannarlega ekki í sjálfu sér róttæk gagnrýni á eitt eða neitt, hvorki kynferðissamfélagið né fasismann – það er að segja ekki fyrren maður uppgötvar að Youtube-notendur í Þýskalandi geta ekki séð myndbandið. Þá skyndilega (einsog hendi væri veifað) er gjörningurinn orðinn fjúkandi pólitískur (án þess að nokkur veiti því sérstaklega mikla athygli, það ég hef orðið var við).

Þegar komið er fordæmi fyrir pólitískri ritskoðun á netinu – og það í vestrænu, lýðræðisríki – er hætt við að manni taki að svelgjast

svolítið á kaffinu sínu. Ef ég get ekki skoðað Hitlerstelpuna í Þýskalandi (vegna laga sem banna birtingu nasískra tákna þar í landi, geri ég ráð fyrir) – hvað get ég þá ekki skoðað í Kína, á Kúbu, í Indónesíu, Mexíkó?

Að hversu miklu leyti er Google-fyrirtækið (eigandi Youtube) tilbúið til þess að koma til móts við ólík lög um birtingu hugverka í ólíkum löndum – hvort sem um er að ræða pólitíska ritskoðun, höfundarréttarákvæði eða annað? Og virkar þetta bara í aðra áttina? Segjum að Egyptar felli einfaldlega niður höfundarrétt – komplett (halló, bókasafnið í Alexandríu!) – má ég þá hala upp hverju sem ég vil á Youtube í Egyptalandi? Ef fólki í „útlöndum“ verður hvort eð er bannað að horfa á efnið, í samræmi við þau lög sem gilda heima hjá hverjum og einum?

Og kannski umfram allt annað: Hvernig getum við (ef við þá getum það yfir höfuð) komið í veg fyrir að þau tæki, tól, lög og reglur sem notuð eru til þess að koma í veg fyrir „brot“ á höfundarrétti verði notuð til þess að setja endurnýjaðan kraft í þá pólitísku ritskoðun í þriðja heiminum (og víðar) sem hefur mátt lifa við hriplekt internet (og meðfylgjandi frelsisfnyk) síðustu árin?

Vandamálið er þetta: Ef við gerum Sony kleift að beisla netið (með því að koma í veg fyrir höfundarréttarbrot, frekar en að kæra þau eftirá), þá gerum við Gaddafi líka kleift að beisla netið. Sem er svolítið einsog að henda fyrst út barninu, svo baðvatninu og ljúka þessu svo með því að fara út á tún og drekkja barninu í baðvatninu. Það er ekki beinlínis gefið að neinn græði á því, þótt einhverjum gæti virst svo í fyrstu.

## Drög að svari við hugsanlegri stríðsyfirlýsingu X

Alvarlegustu afleiðingarnar af þessari beitingu höfundaréttar eru samt ekki endilega þær að ágætis verk skuli hverfa inn í geymslu fyrir vikið (þótt það sé með sönnu leiðinlegt), heldur hitt: þau verk sem aldrei verða gerð eða aldrei verða sýnd, af ótta við ímyndað eða raunverulegt lögfræðingastóð sem bíður þess eins að senda fólki reikninga upp á hundruð þúsunda, gott ef ekki milljónir að ónefndri skömminni (og er hún ekki verst, skömmin?). Alvarlegustu afleiðingarnar felast meðal annars í samfélagi sem byggir á eilífu hispri og hiki – þar sem allar hugmyndir koðna niður í andvarpi hins óttaslegna: „En má þetta? Þarf ekki leyfi? En ef ég verð kærður?“

116      Og það er ekki bara ömurleg tilhugsun, heldur felur hún í sér fræið að dauðri menningu.

## Langi halinn er þjófnður



Þetta er langi halinn. Langi halinn er hálfgerð frummynd af línuriti fyrir hugverkasölu. Lengst til vinstri eru söluhæstu verkin og lengst til hægri eru þau sölulægstu. Einsog sjá má selst jafn mikið af vinsælustu verkunum og selst af óvinsælustu verkunum – óvinsælu verkin eru einfaldlega miklu, miklu fleiri. Þau eru raunar jafn mörg og smásalinn sér sér fært að bjóða uppá – og halinn er jafn ábatasamur fyrir salann og honum er fært að draga hann á langinn.

Bókabúðir losa sig fljótt við bækur sem seljast ekki. Hillupláss er dýrt. Ástæðan fyrir því að þú getur ekki keypt 10 ára gamla ljóðabók í Eymundsson er ekki að hún sé uppseld heldur að þessir 5 millimetrar sem hún tekur í búðinni nýtast (fjárhagslega! hristið hnefann að auðvaldinu!) betur undir Harry Potter-fjalið.

Í rafbókaverslun þurfa ekki að vera 5 þúsund Harry Potter bækur á lager – og það myndi raunar engu skipta þótt þess þyrfti því það er alltaf nóg pláss. Smásalinn getur sem sagt boðið upp

á svo gott sem endalaust úrval bóka – það eina sem takmarkar lengd halans er hversu mikið er til af bókum á rafrænu formi og réttindasirkus útgefenda. Og í báðum efnum draga útgefendur – í svo gott sem öllum löndum, held ég barasta – á eftir sér lappirnar líkt og gerðar væru úr blýi.

## Panoptíkon er þjófnður

Ég hef minnst á Stóra bróður – sem Amazon eyddi. Það sló mig að kannski eigi stórfyrirtækin töluverða hagsmuni í því að við teljum þau fylgjast betur með en þau gera (jafnvel töluvert betur en þau mega samkvæmt lögum eða hreinlega geta tæknilega). Að kannski hafi útrýming skáldsögunnar 1984 úr einhverjum Kindlum verið auglýsingatrix til að vekja athygli á því (eða gefa í skyn) að Amazon sjái inn í Kindilinn – geti rótað þar um og athugað hvort maður sé með eitthvað ólöglegt eða óæskilegt í fórum sínum.

Í skáldsögunni *Við eftir* Jevgení Samjatín eru allir veggir gegnsær sem ýtir undir tilhneingingu fólksins til að hlýða og beita sig sjálfsritskoðun. Í 1984 sér sjónvarpið inn til manns. Panoptíkon-fangelsi Jeremys Bentham gengur út frá svipuðu prinsippi. Þú veist aldrei hvort verið sé að fylgjast með þér akkúrat núna, en ef þú trúir því að svo gæti verið ertu líklegri til þess að haga þér samkvæmt þeim siðferðislögmálum (eða lögum og reglum) sem þú telur að aðrir aðhyllist (svo ekki verðirðu fordæmdur/fangelsaður). Eftirlitsmyndavélar á öllum hornum þjóna sama tilgangi.

En við vitum aldrei með tölvur. Ég var nervös í fyrsta skipti sem ég setti hnuplaða skáldsögu inn á Kindilinn minn. Þjóst hálfvegis við að fá póst frá Amazon – jafnvel að tækið myndi slökkva alveg á sér. Netið í Kindlinum hætti að virka á dögnum og ég er enn í hálfgerðu paranojukasti – finnst einsog Amazon hljóti að hafa verið að lesa bloggið mitt og viti nú að ég hafi stolið bókum.

Fréttir af húsleitum hjá hökkurum og lögsóknum gegn deilurum eru kannski fyrst og fremst til þess ætlaðar að hræða fólk – það

er ekki hægt að handtaka alla sem deila skjölum á netinu. En það er hægt að handtaka nokkra og láta hina halda að hætti þeir ekki samstundis verði þeim líka stungið í grjótið. Það er hægt að setja fordæmi svo eftir er tekið.



## Eintakið er þjófnaður

Listamaðurinn Mr. Brainwash – sem er sjálfur sá gjörningur sem hvað best hefur afhjúpað innantómt snobbið í listheiminum og innantómt snobbið í götulistinni og innantómt snobbið í popplistinni (hver sem er höfundur mannsins) – stóð frammi fyrir því fáeinum klukkustundum áður en hann opnaði fyrstu myndlistarsýningu sína (með hávaða og látum) að hafa lofað fyrstu 200 gestunum nýju, einstöku verki, en eiga engin 200 ný og einstök verk til þess að gefa (að minnsta kosti engin sem hann tímdi að gefa). Hann dó hins vegar ekki ráðalaus heldur tók tvö hundruð eftirprentanir af verki sínu „Don't Be Cruel“ (mynd af Elvis með Fischer-Price vélbyssu í popplistastíl) og sullaði smá málningu á hverja og eina (í Pollockstíl).

Alræði eintaksins er skoplegt. Og ætti auðvitað að taka upp í öðrum listum (samkvæmt reglunni: skoplegt er gott). Gera hverja skáldsögu fullkomlega spes og selja hana á slíkum prís að einungis Björgólfar tími. Semja ný lög fyrir hvern geisladisk. Nýjan sjónvarpsþátt fyrir hvert sjónvarp. Það væri mjög atvinnuskapandi.

## Meiri tekjur eru þjófnaður

Samkvæmt rannsóknum Anders Sørbo og Richard Bjerkøe\* uxu tekjur tónlistarútgefenda í Noregi um 4% frá árinu 1999 til 2009 – að teknu tilliti til verðbólgu – sem er ekkert ægilega mikið. Heimurinn blés út á þessum árum og neysla tónlistar hefur aldrei verið meiri. Menn gráta sig auðvitað í svefn af glötuðum milljónum, þeir hefðu hugsanlega mögulega getað vaxið um 15-20% ef ekki væri fyrir fasistana með barnsandlitin sem gefa fólki ókeypis aðgang að músíkinni – en tónlistarútgefendur eru ekki á hausnum. Þeir eru bara aðeins minna ríkir en þeir hefðu hugsanlega getað verið. Tónlistarmenn hins vegar – þeir sem semja músíkina, taka hana upp og túra með hana – hafa aldrei haft það jafn gott. Tekjur þeirra uxu á sama tímabili um 114%.

\* Sjá: <http://www.scribd.com/doc/37406039/Thesis-Bjerkoe-Sorbo>

## Þjónusta er þjófnaður

Kindillinn er að mörgu leyti mjög beisikk tól – það er furðu margt sem hann gerir ekki, svona miðað við að nú er 21. öldin og það allt saman. Það eru líka alls kyns böggar sem fylgja honum – einsog ég hef nefnt er netið horfið úr mínum og kindill konunnar (sem er nýjasta kynslóð) á það reglulega til að vilja ekki hrökkva í gang – þá þarf að hlaða hann að fullu og gera svonefnt „hart“ rístart (nei, rístart er ekki í gæsalöppum; velkomin í framtíðina, málfasisti).

Mér detta í hug nokkur atriði – nokkrar hugmyndir að bættri (allt að því sjálfsagðri) þjónustu:

1) Betri stuðningur við tvímála orðabækur. Tvær ensk-enskar orðabækur fylgja nýjasta kindlinum og það er hægt að kaupa nokkrar til viðbótar – ekki mjög margar eða mjög góðar. Ég keypti mér þýsk-enska til þess að geta lesið bækur á þýsku, en hún gagnast mér bara ekki – þetta er wikiorðabók sem er einfaldlega ekki nógu stór. Auk þess skilur Kindillinn öll orð með stórum staf í miðju orði sem sérnöfn – og reynir ekki einu sinni að fletta upp á þeim (sem er augljóslega bagalegt í þýsku).

2) Synkróníseraðar hljóðbækur. Kindillinn getur spilað hljóðfæla og hann getur lesið bækur fyrir mann – með óskiljanlegri tölvuraust. Það ætti hins vegar að vera hægðarleikur að selja hljóðbók og rafbók í einum pakka og láta þær hanga saman. Þannig að ég geti t.d. lesið sjálfur á meðan ég sit í strætó en skipt yfir í hljóðbók þegar ég þarf að fara út og versla í matinn – og bókin sé alltaf á réttum stað þegar ég sný mér aftur að lestrinum.

3) Betri stuðningur við aðrar Wikipediur en þá amerísku. Þá ætti að vera hægt að fletta upp í Wikipediunni einsog orðabókinni; að fyrstu línur færslunnar birtist neðst á skjánum og maður geti valið að lesa alla færsluna ef það dugar ekki.

4) Kindillinn býður upp á að maður deili síttötum með því að smella á tvo hnappa. Í fyrsta lagi er hámarks-síat lengdin allt, alltof stutt (tæplega 100 orð – en miðað er við 300 sem þumalputtareglu í bandarískum höfundarréttarlögum). Í öðru lagi býður Amazon ekki upp á að maður deili sítatínu beint á Twitter eða Facebook, heldur sendir einungis hlekk sem vísar inn á Kindilprófilinn manns – sem er annars gagnslaus síða. Þetta er tilraun til þess að stela umferð og leiðinlegt. Í þriðja lagi ætti að bjóða manni að senda textann beint á blogg – sem væri hægt að gera með því einfaldlega að leyfa manni að senda hann í tölvupósti (og stilla bloggíð til þess að pósta tölvupóstinum).

## Vindurinn er þjófnaður

Rithöfundurinn Alice Randall endurreitaði (og skrumskaði) skáldsöguna *Gone With the Wind* eftir Margaret Mitchell undir heitinu *The Wind Done Gone* til þess að afhjúpa þá djúpstæðu kynþáttafordóma sem einkenna frumverkið.

Dánarbú Margaretar Mitchell kærði og málinu lauk með samningum.

## Hýperbóla er þjófnadur

Þetta snýst ekki bara um einhverja krakka sem eru að stela tónlist. Þetta er árás á alla tjáningu menningar í samfélaginu sem við lifum í. Ef við bregðumst og stöndum ekki vörð um kerfið sem verndar hugverkæign mun menningin visna. Og það eru ekki bara fyrirtækin sem verða fyrir skaða. Listamenn munu ekki hafa neinn hvata til þess að skapa. Í versta falli munu skella hér á eins konar menningarlegar myrkar miðaldir.

*Richard Parsons,  
framkvæmdastjóri Times Warner*

(Manstu, Times Warner er fyrirtækið sem rukkar þig fyrir að syngja afmælissönginn þar sem aðrir en allra nánustu ættingjar heyra til þín).

## Ragnarök eru þjófnáður

Hugmyndin um frían og frjálsan markað hugmynda með hjálp netsins er ógn við menninguna einsog þú þekkir hana. Ég reikna ekki með því að heimurinn verði samur eftir 20 ár – en það hefði hann hvort eð er aldrei orðið. Ég reikna hins vegar ekki endilega með því að hinar myrku miðaldir skelli á okkur að nýju – og ef svo verður, þá verður það alveg áreiðanlega ekki vegna þess að við deilum skjölum á netinu.

Fullyrðingin er sú að án afritunarvarnar muni bókaútgáfan (og tónlistarbransinn, kvikmyndabransinn) fara á hausinn – og þegar útgáfan fari á hausinn fari listamenn á hausinn og þegar listamenn fari á hausinn verði ekki lengur nein list. Það er auðvitað orðum aukið, en þetta mun að sjálfsgöðu setja útgáfuna í uppnám, leggja einhverja í rúst – einhverjir munu tapa peningum og einhverjir verða áreiðanlega atvinnulausir.

En það hefði gerst hvort eð er – jafnvel þótt internetið hefði aldrei verið fundið upp, aldrei „slegið í gegn“.

Sá veruleiki sem við búum við er ekki sjálfsagður. Hann er ekki bestur allra heima – við fengum hann ekki að gjöf frá Drottni almáttugum. Sá sem heldur að hann sé óbreytanlegur veður villu og svíma – og sá sem krefst þess að hann breytist ekki gerir honum ómælanlegt ógagn. Tilraunir til þess að breyta stafrænum, afritanlegum verkum í statísk, óafritanleg objekt – eingöngu svo hægt sé að þéna á þeim meiri peninga innan 20. aldar bissetismóðela – eru á pari við að vera mótfallinn litasjónvarpinu.

En sem betur fer lætur veruleikinn alla jafna ekki bíða eftir sér.

## Rannsóknir eru þjófnaður

Eitt af vandamálunum við alla umræðu um höfundarrétt og niðurhal er hversu myndin skekkist fyrir sakir ýtni „atvinnulífsins“ – (halló, kapítalistar!) sem vilja (flestir, ekki allir) standa vörð um útgáfuheiminn í óbreyttri mynd (því breytingar kalla á óvissu sem fasismi gerir ekki; breytingar kalla bara á mögulegan gróða fyrir þann sem hefur ekki valdið (t.d. Google) en tap fyrir þann sem hefur valdið (t.d. Time-Warner)).

Þannig eru til ótal rannsóknir sem sýna fram á gríðarlegt tapið sem útgefendur hafa orðið fyrir vegna ólöglegs niðurrhals. Vandamálið við þessar rannsóknir er að annars vegar byggja þær á óttalegum getgátum (enda hefði hverfandi fjöldi þeirra sem hleður niður listaverki keypt sama listaverk; og engin leið að álykta gáfulega um þau hlutföll) og hins vegar eru þær keyptar af bransanum sjálfum. Og sá sem trúir keyptum rannsóknum iðnaðarins á skilið lungnakrabbameinið sem hann fær (djók – það á enginn skilið lungnakrabbamein nema þeir sem ljúga að fólki að það fái ekki lungnakrabbamein af reykingum).

Mér sýnast óháðar rannsóknir (í þeim skilningi að þær eru ekki kostaðar af bransanum heldur akademíunni) flestar benda til þess að aukinni skráadeilingu fylgi auknar tekjur í kjölfar aukins sýnileika og takt við lengri og lengri langan hala. En ég hef auðvitað ekki fullkomna yfirsýn, frekar en nokkur annar.

Kannski kristallasthérna stærsta vandamálið við kapítalismann – og það sem gerir manni ómögulegt að búa við hann til lengdar: honum er einfaldlega ekki treystandi til þess að gera það sem er rétt umfram það sem hann græðir á. Ef réttlætið er fyrir gróðanum, verður það bara að víkja. Ef að lygin er ábatasamari, þá er það lygin sem fær að heyrast.



## Mixteip eru þjófnáður

Fyrir tvítugt sankaði ég að mér mikið af tónlist með því að afrita hana á segulbandsspólur. (Við unga fólkið kölluðum það að „taka upp“). Í bílnum mínum voru ábyggilega hátt í hundrað spólur, allar vandlega merktar með alls kyns mixum. Sumar hafði ég gert sjálfur – sett saman safn af uppáhalds fönklögnum mínum eða þungarokki eða djassi eða vinsældamúsík. Aðrar fékk ég frá vinum mínum og stundum fjölfaldaði ég mínar fyrir þá í staðinn. Ég hef ábyggilega líka átt um helminginn af mixteipmúsíkinni á (keyptum) geisladiski eða (keyptum) vínyl – kannski tíu prósent hafði ég veitt upp úr úbbartinu og restina hafði ég sótt hjá vinum mínum.

Mixteipið var meðal annars tjáningarform og flokkaðist meira að segja í ólíkar greinar. Fyrst voru mixteipin sem maður gerði í ólíkum þemum – til að hlusta á þegar maður var glaður, leiður, reiður, á leiðinni á djammað, að kela – mixteip sem maður gerði fyrir vini sína sem höfðu sama tónlistarsmekk, mixteip sem maður gerði fyrir vini með annan tónlistarsmekk (áróður fyrir manns eigin tónlistarsmekk í bland við skilning, nálgun, tilraun til samræðu við tónlistarsmekkinn sem var þarna fyrir), mixteip fyrir kærustuna sína, mixteip fyrir stelpur sem maður var skotinn í – og þar fram eftir götunum.

Í dag brennir maður diska – það er ekki alveg jafn rómantískt, enda ekki jafn retró, en það þjónar samt nokkurn veginn saman tilgangi. Ef afritunarvörnin hefði ekki orðið undir í tónlistarheiminum, ef hún tilheyrði ekki sögunni, væri þetta líkast til ekki hægt lengur. Það er ekki ólöglegt að afrita til einkanota – maður má „taka upp“ fyrir sjálfa sig og sína nánustu. En það

væri ekki hægt – enda var reynt að búa svo um hnútana að þetta væri einfaldlega ekki hægt. Við skulum bara þakka fyrir að það tókst ekki.

## Tiltekt er þjófnaður

Tónlistariðnaðurinn (sérstaklega) sér stundum ofsjónum yfir glötuðum tekjum vegna niðurbals. Það eru til alls kyns rannsóknir sem sýna að fólk steli svo og svo mörgum lögum og plötum af netinu og með því tapist svo og svo miklir peningar. Þetta er hins vegar undantekningalítið gríðarleg einföldun. Megnið af tónlistarniðurbali er bara tékk – maður nær í lag til að kíkja á listamanninn – og investerar jafn miklu og þegar maður hlustaði á Ævar Örn í Poppkorni í gamladaga. Í einhverjum skilningi er hægt að halda því fram að neyslan sé að aukast hraðar en innkaupin – fólk „eignast“ meiri músík en það borgar fyrir. En hvorutveggja eykst. Sala á tónlist hefur meira að segja aukist mikið á síðustu tíu árum – samkvæmt upplýsingafyrirtækinu Nielsen Company jókst tónlistarsala í Bandaríkjunum um 50% frá 2006 til 2009.

En hvað ætli maður hafi ekki hlaðið niður mörgum lögum sem maður hlustaði aldrei aftur á? Sum þeirra voru áreiðanlega inni á tölvunni minni svo árum skipti, alveg þar til ég nennti að taka til og hreinsa þau út. Ég hefði aldrei keypt þau eftir að hafa heyrt þau í Poppkorni eða Rokklandi, Youtube eða Spotify – og ég er ekkert sérstaklega líklegur til þess að borga fyrir þau þótt ég hafi náð í þau á Torrent.

Ég skal samt, fyrir kurteisissakir, reyna að taka til oftari tölvunni minni og kasta oftari draslinu sem mér finnst leiðinlegt. Ég lofa.

## Machinima er þjófnaður

Machinima heitir sú list að nota tölvuleiki til þess að gera bíó. Í mörgum tölvuleikjum má finna karaktera og bakgrunn í gæðum sem „venjulegt fólk“ gæti aldrei endurskapað heima hjá sér – og veita tölvuleikirnir þannig „venjulegu fólki“ möguleikann til að gera bíómyndir (/teiknimyndir) í háum gæðum. Þetta er handan við það sem leikirnir voru hannaðir til að gera. Kvikmyndagerðamennirnir kóreografera hreyfingar leikmanna, skrifa og framkvæma handrit í veruleika sem þriðji aðili (tölvufyrirtækið og starfsmenn þess – og í einhverjum tilfellum notendurnir sjálfir) hefur skapað. Þetta er tekið upp og því dreift ókeypis á internetinu – listamennirnir sem framkvæma sjálf verkin hafa enga leið til þess að fá borgað fyrir vinnu sína.

132

Stór hluti rímixheimsins virkar á svipuðum forsendum. Yfirleitt er ekki um að ræða list sem hægt væri að framkvæma með öðrum ráðum – af ýmsum orsökum. Stundum er verið að gera (listræna) athugasemd við menningarheiminn og þá er gripið til þeirra íkona sem þarf – hvort sem það eru Mikki Mús, Elton John, Andy Warhol, Ólafur Ragnar Grímsson eða Eggert Pétursson.

Rímix í tónlist er samblanda af hvorutveggja – bæði er stöðugt vísað í og unnið með fræg þemu, frægar melódíur, og unnið er með hljóðgæði sem ólíklegt má teljast að svefnherbergisstúdíólúði getur endurframkallað í tölvunni sinni með öðrum aðferðum.

## Lýðræðið er þjófnaður

Það skortir (nær) allt lýðræðislegt ferli í umræðuna um höfundarrétt, afritunarvarnir og stafræn hugverk. Þar takast á risar – útgáfufyrirtækin sem vilja hagnast á vörðum verkum og netrisar á borð við Google sem vilja hagnast á að opna verkin. Hagnaðarvonin er alltaf grunsamleg, henni er aldrei treystandi. Hvorki þegar Sony eða Google á í hlut.

En það er svo gott sem engin samræða í samfélaginu. Að svo miklu leyti sem ríkið nennir að sinna þessu er það til þess að taka undir með einum eða öðrum kapítalistanum (en skrítið!) um að betra sé að græða svona en hinsegin. Að svo miklu leyti sem höfundasamtök hafa skellt sér í stríðið hefur það verið til að taka varðstöðuna á forsendum útgefenda.

Þetta er til marks um stærra vandamál – skort á sjálfssprottnum stofnunum, félagasamtökum um hugsjónir eða vinnslu hugmynda, hugmyndabönkum sem eru ekki á vegum auglýsingastofa, stórfyrirtækja, stjórn málaflokka eða hins opinbera. Í þessu tiltekna dæmi þarf stofnun sem lýtur ekki stjórn annarra en félaga sinna og stendur vörð um hagsmuni samfélagsins, með sérstöku tilliti til ófjárhagslegra hagsmuna (svo sem frjáls flæðis hugmynda).

## Klám er þjófnaður

Sá sem á annað borð hefur séð tölvu veit hversu auðvelt það er að nálgast klámefni. Það bókstaflega morir allt í fríu klámi á internetinu – stórum og litlum myndum, löngum og stuttum myndböndum, feitum, mjóum, litlum, stórum, sílikonuðum og appelsínuhúðuðum upp eftir öllum hugsanlegum rafeindum sem þvælast að því er virðist stjórnlaust út um allar trissur. Ókeypis.

Það er auðvitað hægt að borga fyrir klám – og það merkilega er að það virðast margir gera. Í öllu falli veltir klámbransinn svimandi upphæðum. Án þess að allir séu krafðir um borgun.

## Bókaverð er þjófnaður

Bókaverð á Íslandi stýrist af gjafamarkaðnum – þess vegna kosta bækur 6 þúsund fyrir jól en 2 þúsund eftir jól. Fólk er reiðubúið til þess að borga sex þúsund krónur fyrir bók handa einhverjum öðrum (það er jafnvel hugsanlegt að hátt verðið auki tilfinningu fólksins fyrir eigin gjafmildi, auki á höfðingsskapinn) – en fæstir eyða jafn miklu fé í bók handa sjálfum sér. Þær bækur sem seljast ekki í jólapakkana fara síðan yfirleitt ekki í kilju – sem er (enn sem komið er) ódýrasta formattið á íslenskum bókamarkaði.

Strúktúrar hafa bergmálandi áhrif á samfélagið – og henta höfundum misvel. Ef við gefum okkur til dæmis að tiltekin bók henti af einhverjum sökum illa til gjafa- kannski vegna óheflaðs orðbragðs, maður hikar meira við að bjóða öðrum upp á slíkt, jafnvel þótt maður geti notið þess sjálfur – þá er hún dauðadæmd frá upphafi. Harðkápan hreyfist lítið fyrir sex þúsund kall – útgefandinn auglýsir ekki bók sem hreyfist lítið og setur hana ekki í kilju eftir jól. Fyrsta prentun er oft ekki nema nokkur hundruð eintök, sem hverfa síðan fyrir litla peninga á bókamarkaði næstu árin, en vegna þess að bókin selst ekki á meðan hún er enn í umræðunni (altso, þessar 6-7 vikur sem fjölmiðlar eru með gagnrýnendur í vinnu) nær hún engum skriðþunga og gufar að lokum bara upp.

Það er hætt við að rafbókin verði fórnarlamb þessa sama kerfis – þegar hún loksins nær landi á Íslandi. Eitt af tvennu kemur til greina (ef ég þekki mína kapítalista rétt):

- 1) Rafbókin verður verðlögð upp úr öllu hófi. Fjögur þúsund kall fyrir nýja bók. Til þess að skemma ekki fyrir harðkápumarkaðnum.

2) Rafbókin verður ekki gefin út fyrrenn eftir jólin – og missir þannig af þeim slagkrafti sem fylgir jólabókaflóðinu. En kostar þá minna – þótt ég eigi ekki von á að hún verði ódýr (sjálfsagt í kringum tvöþúsundkallinn).

Best væri að rafbókin kæmi strax og væri ódýr (t.d. 1.500 kr.) – enda er hún gjafamarkaðnum gagnslaus, það gefur engin tölvuskjal, og harðkápumarkaðurinn er fyrst og fremst gjafamarkaður. Þótt fáein eintök „tapist“ kannski þá held ég að þetta gæti hvatt til aukins lesturs fyrir jólin – sem myndi skila sér í aukinni sölu á gjafamarkaðnum (enda gefur maður frekar bók sem maður hefur sjálfur lesið og treystir sér til að mæla með). Þetta er svokallað win-win situation.



## Taxtar eru þjófnaður

Þegar ég var í menntaskóla gat leikfélag skólans yfirleitt ekki leyft sér að setja upp ný leikrit – það kostaði einfaldlega of mikla peninga. Sjálfsagt hefði verið hægt að semja við höfund um lægri greiðslu en það er ekki hægt að ætlast til þess að allir viti um slíkt. Fólk athugar taxtana, hringir í Rithöfundasambandið og spyr: Hvað kostar að sýna leikrit A? Fær verð, ber það undir nemendafélagið og nemendafélagið segir: Nei, nú skalt þú heldur setja upp meiri Shakespeare.

Mér skilst að á RÚV séu til ótal upptökur af skáldum að lesa eigin ljóð. Og gott ef skáldin fengu ekki greitt fyrir upplesturinn á sínum tíma. En það er ekki hægt að endurspila upplestrana því það kostar of mikið. Taxtarnir fyrir ljóðaupplestur eru of háir (og útvarpsþáttagerð má ekki kosta neitt, einsog alþjóð veit). Ef ljóðið er hins vegar útsett fyrir sinfóníuhljómsveit og sungið er hægt að spila það fyrir töluvert minna fé.

Taxtar eru góðir. Það er ágætt að fólk fái greitt fyrir vinnu sína. En þegar taxtarnir eru orðnir svo háir að fólk treystir sér ekki til þess að borga þá – og sleppir því heldur að spila ljóð í útvarpið eða setja upp ný leikrit – skila þeir ekki listamönnum neinum tekjum, heldur kosta þá þvert á móti peninga.

Í vissum tilfellum – einsog t.d. þegar forlög greiða fyrir ljóðabýðingar á bók – er einfaldlega farið í kringum taxtann og samið um einhverja upphæð (sem miðast oft við það hversu mikið Bókmenntasjóður er tilbúinn til þess að styrkja bókina). Þetta er ekki heldur gott.

## Byggingamyndir eru þjófnaður

Ég get ekki farið og tekið mynd af Hallgrímskirkju og birt síðan á Wikipediu. Allar myndir sem birtast á Wikipediu eru merktar í Creative Commons – sem þýðir að þær mega aðrir nota að vild (jafnvel í ábataskyni, til dæmis í dagblöðum eða á bloggum þar sem finna má auglýsingar). Í höfundalögum á Íslandi segir meðal annars:

Nú er bygging, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, eða slíkt listaverk, sem áður greinir, aðalatriði myndar, sem hagnýtt er til markaðssölu, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir eða sjónvarpsmyndir sé að ræða.

Rétt upp hend sem finnst þetta svolítið gallað? Bara þínu þons?

## Gæði eru þjófnæður

Þegar brennanlegir geisladiskar voru orðnir að almenningseign varð til sú söguskoðun að segulbandsafritun hafi verið látin óáreitt vegna þess að gæði tónlistarinnar hafi minnkað við hverja upptöku. Þetta er auðvitað dálítil missögn. Í fyrsta lagi var ekkert sem kom í veg fyrir að maður tæki einfaldlega upp hundrað eintök af fyrsta eintakinu (frekar en að hundraðasta eintakið væri orðið svo hljóðrýrt að enginn vildi það lengur). Í öðru lagi voru fæst segulbandstæki sérstaklega góð – sáandið var alveg jafn ómerkilegt á teipi úr búðinni og teipi sem maður fjölfaldaði sjálfur. Í þriðja lagi eyddu menn skrilljónum í að berjast gegn þessari afritun – og „geisladiskagjaldið“ svonefnda, var fyrst sett á segulbönd árið 1984, til þess að stemma stigu við afritun. Segulbandið átti að drepa músíkina. Ljósritun átti að drepa bókmenntirnar. Ragnarök kapítalismans eru alltaf handan við hornið (spyrji maður aðþrengda kapítalistana).

## Hvísl er þjófnaður

Fyrir nokkrum árum las ég frétt á mbl.is um ægilegan snjóstorm í Helsinki. Haft var eftir lögreglustjóranum að annað eins hefði ekki sést í áraradír og þessu fylgdu lýsingar á því hvernig borgin var öll óstarfhæf sökum snjóþyngsla. Svo vel vildi til að ég bjó einmitt í Helsinki þegar þessi frétt birtist. Það hafði vissulega byrjað að snjóa um morguninn, en það var kurteisleg og falleg hundslappadrífa sem auk þess bráðnaði strax og hún lenti á jörðinni.

Ég sá fyrir mér að þetta hefði gerst nokkurn veginn svona: Einhver á *Hufvudsstadsbladet* tók upp frétt úr *Helsingin Sanomat*. Einhver á *Dagens Nyheter* tók fréttina úr *Hufvudsstadsbladet*. Þaðan var hún þýdd í *Aftenposten*, og þaðan þýdd í *Jyllandsposten*. Loks var hún þýdd í *Morgunblaðið*.

Hafið þið einhvern tíma leikið hvísluleikinn? Þar sem einn hvíslar tiltekið orð að næsta manni, og hann hvíslar að þarnæsta, þar til orðið hefur farið allan hringinn – og er undantekningalaust orðið að einhverju allt öðru orði en það var í upphafi (Ha? Sagðirðu Tístuhlaupaliggjari?) Svona virkar fjölmiðlun á netinu stundum, sérstaklega á milli þjóða. Nýlega hélt Óli Tynes því fram að það stæði til að framselja skopteiknarann Kurt Westergaard til Jórdaníu – þótt skýrum stöfum stæði í dönskum fjölmiðlum að ekkert slíkt stæði til. Þetta er afar merkilegt.

Og veltir upp spurningum um höfundarétt. Höfundaréttur á fréttum nær reyndar bara til orðalags – þótt það þyki til síðs að vísa til heimildar og leyfa skúbbaranum að eiga skúbbið sitt. En þegar þýðing ofan í þýðingu ofan í þýðingu brenglar svo upprunalega textann að úr verður framsal til Jórdaníu og snjóstormur (nei, úps, fyrirgefði, „blindhríð“) í Helsinki breytist fréttin einhvers staðar

í listaverk, gjörning – lygi sem nýtur höfundaréttar. Og þá er ég ekki viss um að það megi lengur gera við hana hvað sem er – þýða hana án leyfis.

## Rétthafinn er þjófnaður

Rétthafi er ekki það sama og höfundur. Rétthafi getur verið hver sem er – þótt hann hafi ekki endilega fullan rétt á við höfund (hann getur til dæmis ekki merkt sér verkið). Ef við ætlum að standa vörð um höfundarétt er kannski ástæða til þess að endurskoða og jafnvel fella bara niður hugmyndina um „rétthafa“ – það er að segja, að einhver annar en höfundur geti haft tekjur af höfundarverki eða geti sagt til um hvernig það megi nota. Ég á ekki við að höfundur geti ekki gert samninga, t.d. um hlutfall af tekjum vegna útgáfu bókar eða álíka, heldur að hann geti selt frá sér réttinn – eða gefið hann í arf.

142 Það er í sjálfu sér kannski ekki vitlaust að rétturinn geti skapað tekjur í einsog eina meðalævi – miðist kannski við 90 ár frá fæðingu höfundar (eða lengur, sé höfundur enn á lífi) – en það er auðvitað bannsett þvæla að hann miðist við 70 ár frá andláti höfundar, að hann verði að bitbeini barna og barnabarna. Höfundarréttur fylgir reyndar (merkilegt nokk) ekki með í kaupunum í hjónabandi, þótt hann gangi til erfingja eftir dauðann. Enda stóð aldrei til að hann yrði beinlínis að eign, einsog hvert annað hús, hver annar bíll. Honum var aldrei ætlað annað en vega salt við málfrelsið – íþyngja því, svo höfundur sæi sér (fjárhagslega) hagsmuni í að koma hugsunum sínum á framfæri. Honum var ekki ætlað að gera út af við málfrelsið eða verða kaupsýslumönnum óendanleg tekjulind.

## Framtíð hugmynda er þjófnaður

Bókin *The Future of Ideas* eftir Lawrence Lessig fjallar um afdrif hugmynda í tölvustýrðum heimi, þar sem tæknibúnaðurinn og forritin gera okkur sífelldu erfiðara um vik að nota hugverkin, færa þau til og endurskilgreina. Bókin var meðal annars gefin út í PDF-formatti.

Þegar Lawrence Lessig las bókina sína á PDF uppgötvaði hann að hún laut alls kyns hömlunum sjálf – og hann gat meðal annars ekki látið tölvuna lesa hana fyrir sig, það var einfaldlega búið að loka fyrir þann möguleika.

Við Lawrence Lessig sagði tölvan: Nei, heyrðu nú mig – þú skrifaðir kannski þessa bók en þú getur ekki bara gert hvað sem þú vilt við hana. Þú átt kannski höfundaréttinn að bókinni, en nú tilheyrir hún heimi sem tilheyrir okkur.

## Prump er þjófnadur

Á dögnum sá ég íslenskan bókaútgefanda halda því fram, í talsverðri geðshræringu að mér sýndist (þetta var á netinu, og slíkt getur manni vissulega missýnst á netinu), að flestir sem skrifað hefðu bækur á Íslandi álitu höfundalögin vera „hið mesta prump“ og að það væru góð tíðindi fyrir útgefendur enda gætu þeir þá gefið út „bækurnar ykkar“ án þess að borga fyrir það.

Nú tel ég afar ólíklegt að bókaútgefandinn myndi glaður losna við höfundalögin, einsog hann segir, því hann er mikill talsmaður þessara laga, ötull málsvari þeirra við ótal ólík tilefni – þetta er svonefnd „kaldhæðni“ reikna ég með, hann þykist benda á gat í málflutningnum, nema hann sé hreinlega að klína smjöri. (Auk þess tók hann þetta til baka á endanum og þaðst hreinlega afsökunar, sem var fallega gert).

En altsó: Séu íslenskir rithöfundar almennt mótfallnir höfundalögum (sem ég tel í sjálfu sér ýkjur, þótt við séum vonandi almennt gagnrýnin á hversu þröngan stakk þau sníða okkur við listsköpun eða dreifingu verka okkar) eru þeir ekki mótfallnir höfundalögum „sem slíkum“ heldur einungis þeim tilteknu höfundalögum sem þeir mega starfa við. Þeir eru þá væntanlega að spyrna gegn því hversu mikla vernd þau veita og lítið rými, hversu aðþrengjandi þetta umhyggjusama faðmlag er (og að hversu miklu leyti það snýst um að verja útgefendur fyrir listamönnum og lesendum, en veiti listamönnum og lesendum takmarkaða vernd fyrir útgefendum).

Ég reikna með því að allir íslenskir listamenn hafi rekið sig á eigið réttinda- og valdleysi gagnvart útgáfufyrirtækjunum á einhverjum tímapunkti. Ágætis dæmi um að hve miklu leyti þessi



heimur miðast við þarfir útgefenda en ekki höfunda er ákvæði í útgáfusamningum um fjölda prentaðra eintaka af tiltekinni bók. Þar er forlagi veittur réttur til þess að prenta ákveðinn fjölda – en forlagið hefur enga skyldu til að prenta. Það þarf að greiða ákveðna upphæð fyrir prentuð eintök, en það má prenta eins fá eintök og það vill.

Fyrir rithöfund (sem reikna má með að vilji ná til eins margra lesenda og hugsast getur) er auðvitað arfaslæmt að eiga þess ekki kost að semja um lágmarksupplag – til dæmis svo hann geti metið trú og traust forlagsins á bókinni (og farið annað ef traustið er af skornari skammti en hann sættir sig við). Þegar ég (og þeir sem ég hef spurt) hef reynt að biðja um breytingar á samningum, setja inn ákvæði um lágmarksupplag eða lágmarksfjárfestingu í kynningu, hefur mér (og þeim sem ég hef spurt) einfaldlega verið sagt (afar kurteislega) að halda kjafti og skipta mér ekki af því sem mér kemur ekki við (það nennir enginn að dila við „erfiðan“ höfund).

Málið er þetta: listamenn (í öllu falli rithöfundar) upplifa sig frekar valda- og réttindalausá gagnvart forlagi. Þessu er töluvert betur farið á Íslandi en hjá stærri forlögum erlendis – og raunar virðist þetta vandamál aukast í réttu hlutfalli við stærð forlagsins. En þetta er samt vandamál á Íslandi.

## Laun heimsins eru þjófnaður

(Sumir, einhverjir, fæstir?) listamenn lifa af sölu verka sinna. Í myndlistarheiminum ríkir (hið svo gott sem helsjúka) einræði eintaksins – þar sem oft er einungis um eitt átentískt eintak af hverju listaverki að ræða. Ekki einu sinni listaskólanemar setja gjörningamyndböndin sín á netið (oftast – kannski/vonandi er þetta að breytast). Í tónlistarheiminum lifir fólk, að mér skilst, meira og meira af því að spila opinberlega. Rithöfundar lifa flestir af styrkjum og/eða öðrum störfum – þetta á ekki bara við á Íslandi, heldur líka víða erlendis, meðal stærri þjóða á stærri mörkuðum.

146 Það er látið einsog tekjumódel hugverkasölnunnar sé einhver draumsýn sem enginn má missa af – því er jafnvel haldið fram að enginn hvati annar sé til listsköpunar en fjárhagslegur og eini fjárhagslegi ávinningur listamanns af verkum sínum sé í gegnum sölu. Að hverfi þessi markaður þá muni bókmenntirnar hverfa.

Þetta er í senn misskilningur á kapitalismanum sem slíkum (því hvað selur Google? Facebook? Twitter?) og misskilningur á samfélaginu (hvað selja heimspekiþrúfessorar? félagsfræðingar? líffræðingar?) – og auk þess eins konar þvinguð sýn sem staðhæfir undanbragðalaust að samfélagið komist ekki af án kapitalismans, þessi tiltekni misskilningur á samfélaginu komist ekki af án þessa tiltekna misskilnings á kapitalismanum.

## Tekjur og frelsi eru þjófnaður

Það fylgir því mikið frelsi að þurfa ekki að standa undir sér fjárhagslega. Sá sem skrifar með það fyrir augum að hafa upp úr því peninga skrifar öðruvísi en sá sem hugsar aldrei til þess – og sá skrifar enn öðruvísi en sá sem veit fyrir víst að hann kemur aldrei til með að græða krónu á því sem hann segir. Sá sem getur skrifað án þess að eiga neina hagsmuni – hvorki fjárhagslega, pólitíska, félagslega eða annars lags – er frjáls. Það er markmiðið.

En þetta eru hagsmunir höfundarins við sjálfa sköpunina – hagsmunir hans þegar kemur að því að borga leiguna, kaupa stígvél á börnin sín eða banana og appelsínur eru aðrir. Þá þarf hann einfaldlega að lifa af – það er engin dyggð að vera fátækur listamaður og listamenn verða ekki heilagir eða hæfileikaríkir af fátækt sinni.

Þetta er mótsögn og ég kann ekki að leysa hana.

## Bækurnar mínar eru þjófnaður

Ég man ekki hvort það er nokkru stolið í *Hugsjónadruslunni*, *Heimsendapestum* eða *Eitri fyrir byrjendur* – altso setningum, beint (allar hugmyndir eru stolnar).

Í *Gæsku* bísaði ég að minnsta kosti einni messu og áreiðanlega einhverju fleiru – ég er alltaf með opið fyrir internetið þegar ég skrifa og það falla oft brauðmolar ofan í bækurnar mínar.

Í *Nihil Obstat* samplaði ég allan fjárann af netinu (meðal annars títtnefndan Kristján B. Jónasson, formann Félags bókaútgefenda – mig minnir að hann hafi átt: „En list sem fróar sér yfir líki - er ekki öllum andskotans sama um slíkt?“ en ég finn ekki lengur orginalinn) – sneri út úr fyrir Steini Steinarr og Einari Má, kjaftaði leyndarmálum vina minna, stal hugmyndum úr samtölum (og hafði fólk jafnvel fyrir afbökudum útgáfum af því sem það hafði sagt, undir nafni).

*Blandarabrandarar* og *Handsprengrja í morgunsárið* samanstóðu (svo gott sem) einvörðungu af fundnum og endurblönduðum textum – í síðara tilvikinu sömpluðum við Ingólfur Gíslason frá pólitískum fígúrum en í því fyrra samplaði ég af netinu, úr dagblöðum, fréttum og ljóðum.

Lokakaflinn í *Þjónn*, *það er Fönix í öskubakkanum mínum!* samanstendur af löngu og ítrekuðu rímixi á ljóðabókinni Tíminn og vatnið eftir Stein Steinarr. Ekki er nóg með að allur textinn í þeim hluta sé afskræmdar útgáfur af öðru ljóði, heldur eru vel flestar aðferðirnar fengnar frá 20. aldar framúrstefnuhreyfingum. Þjófnaður inni í þjófnaði inni í þjófnaði.

Myndljóðin í *Ú á fasismann* eru meðal annars unnin upp úr ljósmyndum sem ég fann á netinu, guðveithvar. Textarnir eru

stolnir hédan og þaðan – meðal annars úr lögregluskýrslum, blaðagreinum og víðar. Á geisladisknum sem fylgir með er afskræmt tilbrigði við þjóðsöng Íslendinga spilað undir rímixaðri útgáfu af útvarpspistli Viðars Helga Guðjohnsen.

Ef ég hefði stoppað til að spyrja leyfis í hvert einasta sinn sem ég ætlaði að stela einhverju, hefði mér líklega aldrei tekist að klára heila bók. Hvað þá níu.

## Hipp hopp var þjófnadur

Fyrir langa löngu, lengst í burtu (altso á sjötta áratugnum á Jamaica) varð til nýstárlegur diskókúltúr. Plötusnúðar urðu poppstjörnur – frægir fyrir að halda uppi stuðinu, fyrir tækni við skiptingar á lögum, fyrir að skeyta saman ólíkum lögum, setja tiltekna takta á rípít, fyrir að vera hressir og sniðugir í kynningum. Og á analóg plötuspilurum með míkrafón í annarri var þetta ekki bara sköpun, þetta var handverk, tækni, íþrótt.

Þegar Jamaica öðlaðist sjálfstæði frá Bretum árið 1962 hættu útrásandi íbúar eyjunnar að miklu leyti að stefna til London og hófu þess í stað að flytja til New York, þangað sem þeir tóku með sér diskókúltúrinn, sem sameinaðist gettómennningunni og varð hipp hopp.

Á tveggja áratuga skeiði blómstraði hipp hopp menningin í fátækrahverfum Bandaríkjanna. Þjófnadurinn sem fólst í því að taka tónlist annarra og endurnýta hana í nýja músík var táknrænn: alla tuttugustu öldina hafði „hvíti maðurinn“ (les: „auðvaldið“) stolið svartri tónlist, rænt svarta tónlistarmenn. Það var því engin furða að stutt væri úr stuðinu í Kingston yfir í transgressífa heiftina í *The Last Poets* sem síðar skilaði sér til *N.W.A.* og *Public Enemy* – svarti maðurinn var hættur að syngja fyrir hvíta manninn, hættur að skemmta honum, byrjaður að stela tónlistinni sinni til baka og farinn að sýna honum fingurinn.

Árið 1991 gaf rapparinn Biz Markie út plötuna *I Need a Haircut* þar sem mátti finna lagið „Alone Again“ – en í því var sampl úr laginu „Alone Again (Naturally)“ með Gilbert O’Sullivan. Útgáfufyrirtæki O’Sullivans kærði útgáfufyrirtæki Biz Markie og vann – en auk þess að veita O’Sullivan skaðabætur kvað dómariinn

Kevin Thomas Duffy upp úrskurð þess efnis að ekki væri lengur leyfilegt að sampla tónlist án þess að sækja fyrst um leyfi. Þessi úrskurður varð til þess að gjörbreyta hipp hopp heiminum á þá leið að í dag geta minni listamenn svo gott sem ekkert leyft sér að sampla (enda staðlaðir reikningar fyrir flesta búta alltof háir fyrir aðra en stórlaxa – fleiri þúsund dollara fyrir 2-3 sekúndur) – grasrótin var kæfð og tónlist sem áður blómstraði fyrst og fremst í gettóinu varð (einsog allt annað) aftur að eign auðvaldsins (les: „hvíta mannsins“).

## Samfélag snillinganna er þjófnaður

Það er að öllu jöfnu ekki jafn viðkvæmt þegar listamenn stela niður fyrir sig – ræna þá sem eru of fátækir eða fáfróðir til þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Þannig tíðkaðist það bróðurpartinn af 20. öldinni að listamenn rændu mótífum, stílum og jafnvel heilum málverkum af alþýðulistamönnum þriðja heimsins. Listamenn sem höfðu ekki fyrir því að merkja verkin nafni sínu nutu engra réttinda – hvorki siðferðislegra né félagslegra (lagalegra). Enda hefur verið litið svo á að það sem verður til í samfélagi manna, sprettur upp úr sameiginlegum þekkingabrunni og flæðir frá einum til næsta – einsog vísur og mataruppskriftir og fatahönnun og nytjalist – tilheyri í raun ekki neinum.

152 Á 20. öldinni kvöddu flestir hugmyndina um séniid – þá hugmynd að góður listamaður væri fyrst og fremst gæddur einstakri náðargáfu, hann væri öðruvísi en aðrir menn, sjáandi, auðmjúkur þjónn æðri vilja (og gæti þannig bókstaflega vaðið yfir allt og alla), hann væri ofurnæmur, vaknaði í svitakasti um miðjar nætur andsetinn af hugmyndum sem voru svo nýjar af nálinni að veröldin myndi beinlínis kikna þegar hún frétti af þessu. En þegar kemur að höfundaréttarlögum látum við enn sem sénihugmyndin sé fullgilt innlegg í umræðuna – og mismunum fólki miskunnarlaust eftir því hvort það orti ljóð eða bara vísu, gerði skúlptúr eða fönðraði bara.

Eina listin sem við viðurkennum er listin sem verður til á markaði – vestræn list, á vestrænum forsendum, sem hægt er að kynna í vestrænum galleríum með vestrænum aðferðum. Öll pólitísk list austantjalds er afgreidd sem propaganda (einsog fræðimaðurinn Boris Groys hefur rakið ágætlega í bókinni *Art*



*Power*), öll þriðjaheims list er afgreidd sem föndur og öll list sem ekki fúngerar á forsendum sénísins (sem dó með bróður sínum Guði fyrir hartnær einni og hálfri öld síðan) fær ekki að vera með í samræðunni (nema sem frávík).

## Endalokin eru þjófnæður

Það hljómar fjarska dramatískt að segja að nú standi yfir stríð um hugmyndir – stríð um það hvernig við ætlum að eiga samskipti með hugmyndum, hvaða módel við viljum nota til þess að drífa áfram samfélagið.

En þannig er það nú líklega samt. Og þar sem að þetta stríð fer fram að mestu meðal hlutaframleiðenda, útgefenda og dreifenda – fremur en til dæmis listamanna og listunnenda (en línan þar á milli verður raunar sífellt óljósari) – eru afskaplega miklar líkur til þess að niðurstaðan verði *ekki* þorra almennings í hag, heldur muni fjárhagslegir hagsmunir hinna fáu verða ofan á.

154 Þessi bók er ekki skrifuð til að komast að niðurstöðu heldur til þess að athuga nokkrar hugmyndir, deila sögum, hugsa upphátt. Í hana vantar margt – það er til dæmis svo gott sem ekkert um *nauðsyn* höfundaréttar sem verndar gegn misnotkun listamanna. Áður en tónlist var höfundaréttarvarin í Bandaríkjunum hirtu útgefendur einfaldlega alla músíkina – þeir stálu bókstaflega menningu heillar þjóðar, sem svo síðar gerði tilraun til þess að stela henni aftur. Það er vissulega innbyggð alls konar mismunun í kerfið, en stórfellt menningarrán á þessum skala er ekki lengur mögulegt. Höfundaréttur kemur líka í veg fyrir (í vel flestum tilvikum) að stórfyrirtæki geti notað listaverk í auglýsingar án leyfis – eða ásjónu og ímynd listamannsins.

Höfundaréttur á að veita þessa vernd – en hann á ekki að vera hálstak sem útgefendur geta notað til þess að þvinga sífellt meira fé út úr neytendum. Hann á ekki að vera baráttuyfirvarp fyrir stéttarfélög listamanna sem geta, gera, þora eða vilja ekki dila við neitt hættulegra en hvort hugsanlega sé hægt að fá meiri peninga.

Hann á ekki að kæfa sköpun annarra, honum á ekki að beita til þess að hefta sköpun – ekki einu sinni þegar sú sköpun er ljót og leiðinleg.

Það er mikilvægt að geta lifað af vinnu sinni, mikilvægt að geta breytt vinnu sinni í mat og leigu. En þegar allt kemur til alls eru líka mikilvægari hagsmunir í heiminum en peningar. Kannski var þessari bók ætlað að minna á það eitt.\*

*Á jaðri Lapplands, 29. apríl, 2011.*

\* Sem er náttúrulega kaldhæðnislegt í ljósi þess að bókinni er líka ætlað athuga hvort ég geti fengið greitt.

